

# Karlar og jafnrétti

Skýrsla og tillögur um aukinn hlut  
karla í jafnréttismálum

Apríl 2013



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Velferðarráðuneyti:  
Karlar og jafnrétti: Skýrsla og tillögur um aukinn hlut karla í jafnréttismálum  
Apríl 2013

Útgefandi: Velferðarráðuneyti  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is)  
Veffang: [velferdarraduneyti.is](http://velferdarraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneyti

© 2013 Velferðarráðuneyti

ISBN 978-9979-799-68-9



# Tillögur starfshóps um karla og jafnrétti

---

## Karlar og ofbeldi – kynbundið ofbeldi:

**Tillaga 1:** Bryn þörf er á frekari rannsóknum á ofbeldismenningu og þætti karla í henni. Með aukinni þekkingu á félagslegum ástæðum ofbeldismenningar má efla forvarnir gegn ofbeldi í nánnum samböndum og öðrum tegundum ofbeldis.

**Tillaga 2:** Kynjafræði og nám um ofbeldi í nánnum samböndum verði veigameiri hluti skólastarfs. Sérstaklega þarf að huga að og útfæra fræðslu fyrir drengi um tengsl siðferðis og samskipta í nánnum samböndum.

**Tillaga 3:** Gerð verði sérstök greining á gagnsemi þess að auka hlut viðtals- og hópmeðferðar vegna ofbeldis í nánnum samböndum, í tengslum við afplánun eða sem úrræði dómara við ákvörðun refsingar.

## Karlar og umönnunarstefna – fæðingarorlof og forsjá barna:

**Tillaga 4:** Til að tryggja markmið fæðingarorlofslaga þarf hámark greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði að hækka. Greina verður möguleika til hækkunar sem tekur mið af tekjuviðmiðum eða meðallaunum á Íslandi.

**Tillaga 5:** Stefnt verði að tveggja vikna skyldubundnu fæðingarorlofi feðra. Á grundvelli samráðs við aðila vinnumarkaðarins og í kjölfar úttektar verði stefnt að því að feður, líkt og mæður, taki fæðingarorlof fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns.

**Tillaga 6:** Lagt er til að skapaður verði vettvangur fyrir feður til að bera saman bækur sínar og ræða málefni sem tengjast uppeldi og umönnun barna.

**Tillaga 7:** Starfshópurinn telur að kanna ætti grundvöll námskeiðs fyrir foreldra um afleiðingar skilnaðar á börn. Slík námskeið gætu orðið til þess að milda slæmar afleiðingar skilnaðar og styrkt markmið um jöfnun foreldraábyrgðar.

**Tillaga 8:** Lagt er til að gerð verði ítarleg rannsókn á félags-, laga-, og efnahagslegri stöðu meðlagsgreiðenda með áherslu á stöðu feðra sem ekki hafa lögheimili með börnum sínum. Lagt er til að í slíkri rannsókn verði lögð áhersla á að svara spurningum um möguleika foreldra til jafnrar þátttöku í uppeldi og umönnun.

## Karlar, heilsa og lífsgæði:

**Tillaga 9:** Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins verði stefnt að því að stytta vinnuvikuna. Almenn stytting vinnuvikunnar gæti haft margvísleg jákvæð áhrif á lífsgæði, heilsu og jafnrétti milli karla og kvenna.

**Tillaga 10:** Margt bendir til þess að karlmenn geti verið „fórnarlömb karlmennskuhugmynda“ sem rýri lífsgæði þeirra. Starfshópurinn leggur til að efnt verði til vitundarvakningar á breiðum grundvelli um þessi mál. Hér má benda á fyrirmyndir eins og *Mottumars* en sú aðferðafræði sem þar hefur verið beitt getur nýst víðar.

**Tillaga 11:** Kanna þarf hvort ákveðnir hópar karla fari á mis við þjónustu heilbrigðiskerfisins, ýmist vegna þess að þeir leita hennar ekki eða vegna þess að þjónustuna skorti. Huga þarf sérstaklega að samkynhneigðum körlum, eldri körlum og körlum af erlendum uppruna.

## Karlar, klám og vændiskaup:

**Tillaga 12:** Starfshópurinn telur að tryggja verði að klám, áhrif kláms og klámvæðing séu til umræðu í samfélaginu. Rannsóknir á klámi og áhrifum kláms eru mikilvægar til að tryggja að umræða byggist á faglegum grunni.

**Tillaga 13:** Starfshópurinn leggur til að íslenskar rannsóknir á vændi verði stórefldar. Í rannsóknnum þarf sérstaklega að varpa ljósi á vændiskaupendur – karla sem kaupa vændi.

## Karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður:

**Tillaga 14:** Gera þarf rannsókn á áhrifum staðalmynda á náms- og starfsval karla. Sérstaklega þarf að kanna tengslin milli námsvals, brottfalls úr framhaldsskólum og háskólanáms karla.

**Tillaga 15:** Gera þarf átak til að auka hlut karla í umönnunarstörfum og kanna leiðir til að vinna gegn fordómum gagnvart körlum sem vinna störf á sviðum umönnunar.

# Efnisyfirlit

---

Inngangur.....	6
Samantekt.....	8
Forsaga.....	8
Starfshópur um karla og jafnrétti.....	8
Starfsemi, samstarf um rannsóknir og aðferð.....	9
1. Karlar og ofbeldi – kynbundið ofbeldi.....	12
1.1. Ofbeldi í nánnum samböndum – ekki einstakir atburðir.....	12
1.2. Kynbundið ofbeldi á Íslandi.....	14
1.3. Karlar og ofbeldi – meðferðarúrræði.....	14
1.4. Úrræði lögreglu – afbrot og afplánun.....	15
1.5. Tillögur: Karlar og ofbeldi – kynbundið ofbeldi.....	18
2. Karlar og umönnunarstefna – fæðingarorlof og forsjá barna.....	19
2.1. Vettvangur umönnunar og aðkoma karla.....	19
2.2. Fæðingarorlof.....	20
2.3. Fæðingarorlof og breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.....	22
2.4. Karlar og forsjármál, réttur til umgengni og hagsmunir barna.....	24
2.5. Karlar og meðlagsgreiðslur – óvissa um lykilstærðir.....	25
2.6. Tillögur: Karlar og umönnunarstefna – fæðingarorlof og forsjá barna.....	27
3. Karlar, heilsa og lífsgæði.....	28
3.1. Karlar og heilsa – félagslegar eða menningarlegar ástæður?.....	29
3.2. Karlar og lífsgæði.....	30
3.3. Tillögur: Karlar, heilsa og lífsgæði.....	33
4. Karlar, klám og vændiskaup.....	34
4.1. Klám, formleg skilgreining og lagaleg.....	34
4.2. Útbreiðsla, og áhrif ólíkrar notkunar kláms.....	35
4.3. Vændi á Íslandi.....	36
4.4. Löggjöfin og karlar sem vændiskaupendur.....	37
4.5. Tillögur: Karlar, klám og vændiskaup.....	39
5. Karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður.....	40
5.1. Kynin og menntun.....	40
5.2. Kynin og vinnumarkaður.....	43
5.3. Tillögur: Karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður.....	46

## Inngangur

---

Í jafnréttislögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, er kveðið skýrt á um að markmið þeirra felist í að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Jafnréttislögin kveða nánar á um að unnið skuli að markmiðum þeirra með samþættingu kynjasjónarmiða í ákvarðanatöku stjórnvalda, vinnu gegn launamisrétti, með því að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, efla rannsóknir í kynjafræðum, vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla.<sup>1</sup>

Vinna að jafnrétti krefst þess að unnið sé á mörgum sviðum samtímis. Þannig leggur löggjafinn áherslu á að unnið sé að jafnréttismálum á ólíkum stöðum í samfélaginu. Fyrirtæki, með 25 starfsmenn að jafnaði, skulu hafa jafnréttisáætlun. Sveitarfélög skulu, ásamt því að marka sér stefnu í jafnréttismálum, gæta sjónarmiða bæði kvenna og karla við ákvarðanatöku. Skólar skulu, bæði samkvæmt jafnréttislögum og aðalnámskrá, sjá til þess að nemendur á öllum skólastigum hljóti fræðslu í jafnréttismálum. Ráðuneytum stjórnarráðsins, ásamt opinberum stofnunum undir málefnasviðum þeirra, er skylt að gæta kynjasjónarmiða við alla stefnumótun og ákvarðanatöku. Þá er Jafnréttisstofu ætlað að vinna verkefni í samræmi við markmið jafnréttislaga og annast eftirlit með framkvæmd þeirra.

Frá því að jafnréttislög voru endurskoðuð árið 1991 hefur löggjöfin sérstaklega viðurkennt mikilvægi þess að bæta skuli stöðu kvenna til að ná markmiðum jafnréttislaga. Helgast þessi afstaða laganna af viðurkenningu á því að staða kvenna er á margan hátt verri en staða karla. Má þar nefna að rannsóknir sýna að konur eru síður en karlar þátttakendur í ákvarðanatöku, hvort heldur er í atvinnulífi eða stjórnámum. Rannsóknir sýna einnig að konur fá lægri laun fyrir sömu eða sambærileg störf. Konur eru, mun oftast en karlar, þolendur kynferðislegs ofbeldis – þar sem karlar eru oftast gerendur. Þá eru konur, frekar en karlar, áberandi í táknmyndum kynlífs- og klámvæðingar auglýsinga og fjölmiðla.

Greining kynjafræðinnar fjallar um áhrif og afleiðingar kynjakerfis samfélagsins og hvernig það viðheldur hugmyndum sem endurskapa staðalmyndir og viðhalda misrétti.<sup>2</sup> Því þarf ekki að undra að umræða um jafnréttismál hefur sérstaklega farið fram að tilstuðlan þeirra sem barist hafa gegn misrétti og þeirra sem krafist hafa jafnréttis kvenna og óumdeilt er að jafnréttisbarátta síðustu áratugi hefur farið saman við kröfu um aukinn rétt kvenna. Af því leiðir að konur hafa, í meira mæli en karlar, verið áberandi í umræðu um jafnréttismál.

Jafnrétti kynjanna felst ekki einungis í afnámi launamisréttis og jöfnum möguleikum karla og kvenna á vinnumarkaði. Jafnrétti felst öllu heldur í því, að kröfur og væntingar samfélagsins til kynjanna séu sambærilegar. Í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna skal m.a. reyna að ná því fram að svipuð viðmið um siðferði og hegðun gildi

---

<sup>1</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, [www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html)

<sup>2</sup> Cathine Holst (2011). *Hva er feminisme*. Universitetsforlaget. Oslo.

um kynin og vinna bug á rótgrónum hugmyndum um staðalímyndir. Markmiðið skal því vera að gera karla og konur jafn ábyrg í samfélaginu, jafn sýnileg og jafn rétt há. Til þess þarf, sem fyrir segir, að vinna á ólíkum sviðum samtímis og fá karla til þátttöku í jafnréttisstarfi.

Áhersla á aukna hlutdeild karla í umræðu um jafnrétti er ekki ný. Árið 1995, í tengslum við Pekingráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, var ályktað um mikilvægi þátttöku karla sem lið í að koma á nauðsynlegum breytingum sem tryggja kynjajafnrétti og viðhalda því. Þá hafa Sameinuðu þjóðirnar endurtekið bent á mikilvægi þátttöku karla í vinnu gegn kynbundnu ofbeldi. Sameinuðu þjóðirnar hafa auk þess ályktað sérstaklega um þátttöku bæði karla og kvenna við að ná markmiðum um samfélag án ofbeldisógnar og vinnu að CEDAW sáttmálanum (e. The Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women) frá árinu 1980. Þá hefur áhersla á mikilvægi þátttöku drengja og karla verið áberandi í samþykktum kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (e. The Commission on the Status of Women) síðustu ár.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> [www.un.org/womenwatch/daw/csw](http://www.un.org/womenwatch/daw/csw)



## Samantekt

---

### Forsaga

Á Íslandi hefur um nokkurt skeið verið lögð áhersla á þátttöku karla í umræðu um jafnréttismál. Árið 1991 skipaði Jóhanna Sigurðardóttir, þá félagsmálaráðherra, ráðgjafanefnd um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari fjölskylduábyrgð og verkaskiptingu. Nefndin lauk störfum árið 1993. Í tillögum nefndarinnar til ráðherra var lagt til að sjónarmiðum karla í jafnréttismálum yrði gefið meira vægi en áður hafði verið, sérstaklega innan þeirra stofnana sem bera ábyrgð á að framfylgja markmiðum ríkisstjórnarinnar á sviðum jafnréttismála.

Í byrjun árs 1994 var skipuð ný ráðgjafanefnd (karlanefnd) sem hafði að markmiði að auka hlut karla í umræðunni um jafnréttismál.<sup>4</sup> Nefndin starfaði til ársins 2000 og var á þeim árum áberandi í umræðu um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nefndinni var ætlað að vera sérstök ráðgjafanefnd fyrir Jafnréttisráð. Umfjöllunarefni nefndarinnar voru nokkuð bundin við þau svið þar sem sjálfsprottin samtök karla höfðu starfað áður, eins og samtök um foreldra-jafnrétti og karla gegn ofbeldi. Þá fjallaði nefndin einnig um fæðingarorlof karla, um aukinn rétt karla til töku feðraorlofs, stöðu drengja í skólum og viðhorf íslenskra karla til kynjajafnréttis. Karlanefndin starfaði í sex ár og varð umtalsverður árangur af störfum hennar. Nefndin stóð að gerð viðhorfskönnunar, til að meta viðhorf karla til jafnréttismála og óhætt er að segja að afrakstur karlanefndarinnar og nefndarvinnan sjálf hafi haft áhrif á framgang umræðunnar um hlut karla í jafnréttismálum á Íslandi.

Karlanefndir, svipaðar þeirri sem starfaði frá 1994 til 2000, hafa áður starfað á Norðurlöndunum. Þá ber að geta þess að á árunum 1995 til 1997, starfaði einnig samnorræn nefnd um karla og jafnrétti. Formaður karlanefndar Jafnréttisráðs, var þá einnig formaður þeirrar nefndar. Sú vinna skilaði tillögum að áframhaldandi starfi á sviði karla og jafnréttis á Norðurlöndunum, ásamt tillögum um stóra samnorræna rannsókn. Ekki tókst að afla stuðnings við þær tillögur.

Með nýjum jafnréttisslögum árið 2008 var Jafnréttisstofu, sem sérstakri stofnun sem heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra og annast stjórnslu á því sviði sem lögin ná til, gert að „*auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi*“. Nokkur þróun hefur því orðið innan málaflokksins „karlar og jafnrétti“ frá því að Jóhanna Sigurðardóttir stofnaði nefnd, um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari fjölskylduábyrgð og verkaskiptingu árið 1991.

### Starfshópur um karla og jafnrétti

Alþingi samþykkti, þann 19. maí 2011, þingsályktun um áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2011-2014 (Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára).<sup>5</sup> Framkvæmdaáætlunin er lögð fram af velferðarráðherra skv. 11. gr. jafnréttislaga.

---

<sup>4</sup> Ingólfur V. Gíslason (2010). Karlanefnd Jafnréttisráðs 1994-2000, *Rannsóknir í félagsvísindum X*, <http://skemman.is/item/view/1946/6780>

<sup>5</sup> Þingsályktun um áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2011-2014, [www.althingi.is/altxt/139/s/1480.html](http://www.althingi.is/altxt/139/s/1480.html)

Í framkvæmdaáætluninni er kveðið á um áherslur stjórnvalda á átta sviðum ásamt því sem fjölmörg verkefni eru útfærð. Sérstakt svið áætlunarinnar ber heitið „Karlar og jafnrétti“. Þar segir: „*Skipaður verði starfshópur sem geri tillögur um hvernig auka megi þátttöku karla í umræðum um jafnrétti kynja og auka aðild karla að jafnréttisstarfi. [...] Markmiðið sé að fá fram tillögur um m.a. hvernig megi auka náms- og starfsval karla sem og annað hlutverkaval þeirra [og] vinna gegn staðalímyndum kynjanna. Í upphafi árs 2011 skipaði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra starfshóp í samræmi við áætlunina. Í starfshópinn voru skipaðir þeir:*

- Jón Yngvi Jóhannsson - formaður
- Andrés Ingi Jónsson
- Arnar Gíslason
- Georg Páll Skúlason
- Hilmar Magnússon
- Ólafur Elínarson
- Pétur Georg Markan
- Tryggvi Hallgrímsson
- Þórður Kristinsson

Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, starfaði sérstaklega með starfshópnum og vann þá skýrslu sem hér birtist.

Í upphaflegri starfsáætlun var fyrirhugað að skila skýrslu til velferðarráðherra í upphafi árs 2012, þar sem gert yrði grein fyrir þróun og stöðu innan þeirra málaflokka sem teknir hafa verið til umræðu og lagðar fram tillögur um rannsóknir sem starfshópurinn telur ráðlegt að framkvæma. Starfshópnum reyndist hinsvegar ekki unnt að funda á síðari hluta árs 2011. Því fluttist mikil vinna yfir á árið 2012.

Í skipunarbréfi velferðarráðherra, er starfshópnum gert að fjalla um stöðu karla innan víðfeðms sviðs jafnréttismála. Starfshópnum er ætlað að ræða og leggja fram tillögur um hvernig auka megi þátttöku karla í umræðu um jafnrétti og aðild þeirra að jafnréttisstarfi. Þá er starfshópnum ætlað að ræða áhrif staðalmynda á hlutverk karla í samfélagi og fjölskyldu. Í vinnu starfshópsins skuli horft til reynslu af starfi fyrri nefnda um karla og jafnrétti. Þá skyldi einnig sérstaklega litið til árangurs þess samstarfs sem hefur verið um rannsóknir og verkefni um karla og jafnrétti á sviðum norrænnar samvinnu. Í skipunarbréfi segir að starfshópnum sé ætlað að hafa frumkvæði að samstarfi um verkefni sem stuðli að því að greining fari fram á stöðu karla í samfélaginu og virkri þátttöku þeirra á nýjum og breyttum forsendum. Þá segir ennfremur að liður í slíku samstarfi geti falist í þátttöku í norrænni samvinnu.

## **Starfsemi, samstarf um rannsóknir og aðferð**

Samstarfsáætlun Norðurlandanna um jafnréttismál sem ber heitið „Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag“ (Sæ. Jämställdhet skapar ett hållbart samhälle) var samþykkt á fundi norrænu jafnréttisráðherranna þann 18. október 2010 og á þingi Norðurlandaráðs 2010. Í samstarfsáætluninni er lögð áhersla á aukna samþættingu kynjasjónarmiða í samstarfinu og er sérstök áhersla lögð á virka þátttöku drengja og karla í jafnréttissamstarfi.

Samhæfing samstarfsins er í höndum ráðherra nefndar og embættismannanefndar. Undirnefndir og starfshópar eru skipaðir eftir þörfum til að styðja við starfið. Á formennskuári Finna var skipaður starfshópur um „karla og jafnrétti“ (da. nordisk arbejdsgruppe for mænd og ligestilling). Verkefni starfshópsins fólst m.a. í að gera grein fyrir því hvað gert hefur verið á sviðinu á Norðurlöndunum. Þá var starfshópnum ætlað að leggja fram tillögur um hvernig vinna beri að markmiðum samstarfsáætlunar á þessu sviði og leggja fram tillögur um möguleg samstarfsverkefni. Fyrir hönd Íslands í starfshópnum sátu, Tryggvi Hallgrímsson – Jafnréttisstofu og Jón Yngvi Jóhannsson – formaður íslenska starfshópsins um karla og jafnrétti.

Áður en breyting varð á starfsemi NIKK (Nordisk institutt om kunnskap om kjønn), hafði finnski félagsfræðingurinn Jan Wickman hafið vinnu við gerð samantektar um málaflokkinn „karlar og jafnrétti“ á Norðurlöndum. Norræni starfshópurinn naut góðs af þeirri vinnu og lagði fram til umræðu skýrsluna *Nordisk Jämställhetspolitik Med Fokus På Män – En Policyöversikt* fyrir umræður fulltrúa norrænu jafnréttisráðherrana í Osló 1. júní 2012. Umræðurnar fóru fram í tengslum við ráðstefnuna *Maskuliniteter i bevægelse – mænd, ligestilling og livskvalitet* sem haldin var í tenglum við formennskuár Norðmanna í norrænu ráðherra nefndinni sama ár.

Í umræðum starfshópsins var stefnt að því að finna jafnvægi á milli ólíkra viðhorfa til hlutverks karla í umræðum um jafnréttismál. Starfshópnum var fyrst og fremst ætlað að vera samtalsvettvangur karla, með ólíkan bakgrunn, svo leggja mætti fram tillögur að áframhaldandi þátttöku karla í umræðu um jafnréttismál. Til þess að styrkja hlutverk sitt stóð starfshópurinn að tveimur opnum fundum þar sem almenningi var boðið að taka þátt í umræðu um hlut karla í jafnréttismálum. Á jafnréttisdögum Háskóla Íslands 2011 hélt starfshópurinn opinn fund um karla og jafnrétti sem var afar vel sóttur. Framsögu á fundinum héldu Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur, Ingólfur V. Gíslason dósent við Háskóla Íslands og Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdarstýra Jafnréttisstofu. Þá hélt starfshópurinn opinn fund 22. desember um *ofbeldismenningu*. Á þeim fundi ræddu Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, höfundur bókarinnar *Á mannamáli* og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri, þróun og stöðu ofbeldis með sérstakri áherslu á tíðaranda og menningu. Á fundinum sköpuðust góðar umræður og þar komu fram upplýsingar, bæði í framsögum og umræðum sem nýttust í frekari störfum starfshópsins. Þá voru drög að tillögum starfshópsins sérstaklega ræddar á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri þann 19. september 2012, þegar Tryggvi Hallgrímsson hélt fyrirlestur um starfsemi vinnuhópsins og þá aðferð sem valin var til þess að nálagst viðfangsefnið. Þar sköpuðust ágætar umræður sem eins og fyrrnefndir fundir hjálpuðu til við að draga fram mikilvæg sjónarmið í umræðunni um tengsl karla og jafnréttis.

Konur hafa verið meira áberandi en karlar í barráttu fyrir kynjajafnrétti. Þó hefur lengi verið ríkjandi það viðhorf að þátttaka karla sé nauðsynleg til að festa í sessi breytingar í átt til aukins jafnréttis. Þannig er þátttaka karla sérstaklega talin mikilvæg í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi þar sem karlar eru oftast gerendur. Eins er þátttaka karla mikilvæg þegar fengist er við hugmyndir um vald og jafnrétti til þátttöku í ákvarðanatöku. Þá er

þátttaka karla sérlega mikilvæg í umræðu um það sem kallað er „skaðleg karlmennska“, tegundir karlmennsku sem hindra jafnrétti og félagslegt réttlæti.<sup>6</sup>

Þekkt er sú sýn á þátttöku karla, í umræðu um jafnréttismál, að þeir taki þátt á svipuðum forsendum og konur. Þannig gerist karlar þátttakendur í jafnréttisbaráttu sem miði að því að færa þeim aukinn réttindi. Þessi tegund þátttöku gerir ráð fyrir að karlar séu sjálfir þolendur misréttis, sem vegna ólíkra krafa samfélagsins skerða lífsgæði þeirra. Þetta á við um áhrif hugmynda um karla sem fyrirvinnur, sem veldur auknu vinnuálagi og kemur í veg fyrir jafna möguleika þeirra til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þá er þekkt umræða um að staðalmyndir um karla og konur kunni að hafa áhrif á möguleika þeirra til jafns forræðis og umgengni við börn eftir skilnað eða sambúðarslit.

Hagsmunir karla og kvenna eru samtvinnaðir og afnám misréttis kemur öllum til góða. Varhugavert er að umræða um stöðu karla í jafnréttismálum fjalli þannig um karla að þeir séu álitnir „vera vandamálið“ og að um leið veiti þátttaka þeim lykilhlutverk í því að vera „lausn á vandamáli“. Ljóst er að vandasamt getur verið að finna farveg fyrir karla í umræðu um jafnréttismál sem tekur tillit til fjölda ólíkra sjónarmiða.

Þau sjónarmið sem nefnd eru hér að ofan, undirstrika, fremur en annað, hversu víðtæka samfélagslega skírskotun jafnréttismálin hafa. Jafnréttismál eiga við um samfélagið allt og því ekki raunhæft að ætla að jafnrétti náist nema með þátttöku beggja kynja.

Til að takast á við svo vítt svið, sem jafnréttismál eru, kaus starfshópurinn að afmarka umfjöllunarefni sitt við fimm áherslusvið. Slík afmörkun var talin auðvelda framsetningu og gefa umræðum innan hópsins skýrari ramma. Skýrslunni, ásamt tillögum til velferðarráðherra, er því skipt í eftirfarandi áherslusvið:

- Karlar og ofbeldi – kynbundið ofbeldi
- Karlar og umönnunarstefna – fæðingarorlof og forsjá barna
- Karlar, heilsa og lífsgæði
- Karlar, klám og vændiskaup
- Karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður

---

<sup>6</sup> Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Polity Press, Cambridge.

## 1. Karlar og ofbeldi – kynbundið ofbeldi

---

Markmið áætlunar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum miða að því að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum, styrkja úrræði fyrir konur sem beittar eru ofbeldi og vinna að verndun barna sem verða vitni að ofbeldi. Þá er þess sérstaklega getið í markmiðum að unnið skuli að úrræðum fyrir karla sem vilja hætta að beita ofbeldi.

Stefna stjórnvalda byggist á aðferðafræði sem miðar að breiðri þátttöku fjölmargra aðila og samræmdum aðgerðum þar sem samvinna ríkis, sveitarfélaga og félagssamtaka vinnur markvisst að því að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum. Til þess þarf að efla allar stuðningsaðgerðir og tryggja að málaflokknum sé tryggt nauðsynlegt fjármagn.

Markmið jafnréttis laga er að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Því markmiði skal meðal annars náð með vinnu gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni. Vinnan felur í sér fræðslu um stöðu kynjanna og umræðu um þá þætti í samfélaginu sem eiga þátt í að viðhalda hugmyndum sem einstaklingar nota til réttlætningar fyrir ofbeldisfullri hegðun.

Ekki er mikil hefð fyrir þátttöku karla í umræðu um kynbundið ofbeldi. Þó eru til hópar sem hafa látið sig málið varða. Í því sambandi má nefna karlahóp femínistafélagsins og verkefnið *Karlar til ábyrgðar*. Nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvað hefur verið gert til að stuðla að þátttöku karla í umræðu um ofbeldi, bæði á Íslandi og erlendis, og veita þeim aðilum stuðning sem hafa sýnt áhuga og árangur á þessu sviði.

### 1.1. Ofbeldi í nánnum samböndum – ekki einstakir atburðir

Til eru allnokkrar tegundir ofbeldis og tillögur um aukinn hlut karla í umræðu um jafnréttismál, eins og þær snúa að ofbeldi, verða að gera ráð fyrir því. Til einföldunar má annarsvegar gera greinarmun á ofbeldi karla gegn konum, m.a. í nánnum samböndum (heimilisofbeldi) og hinsvegar ofbeldi karla almennt (t.d. ofbeldisbrotum karla gegn öðrum körlum).

Segja má að umræða um kynbundið ofbeldi snúi jafnan að ofbeldi karla gegn konum. Í íslenskum rannsóknum á kynbundnu ofbeldi eru ekki að finna haldgóðar upplýsingar um ofbeldi kvenna gegn körlum. Því verður ekki fjallað um þá tegund ofbeldis hér. Ástæður þess eru ekki þær að starfshópurinn telji ekki slíkt ofbeldi alvarlegt, heldur fremur viðurkenningu á því að meginvandinn snýr að ofbeldi karla sem gerenda, einkum ofbeldi þeirra gegn konum.

Samkvæmt kenningum kynjafræðinnar er ofbeldi í nánnum samböndum (heimilisofbeldi) talið orsakast m.a. af kynjakerfi þar sem valdbeitingu er beitt í kúgunarskyni gagnvart manneskju sem tengd er gerenda tilfinningaböndum. Í almennri umræðu um ofbeldi karla verður síðan ekki litið framhjá þeim áhrifum sem staðalmyndir kynjanna og hugmyndir um karlmennsku hafa á hegðun ofbeldismanna.

Umfjöllun um ofbeldi í nánnum samböndum, sem viðfangsefni fræðilegrar greiningar, á sér ekki langa sögu. Umræðan hefur lengi lagt áherslu á greiningu einstaklingsbundinna

ástæðna ofbeldis. Þannig er umræða um ofbeldi karla oft bundin einstökum tilvikum ofbeldis, þar sem áhersla er lögð á að skýra persónubundnar ástæður ofbeldishegðunar. Með því að leggja áherslu á einstök tilvik ofbeldis glatast oft það svigrúm sem þarf til að greina þá samfélagslegu þætti sem hafa áhrif á gildismat, sem aftur hefur áhrif á ofbeldi.

Í fræðilegri umfjöllun um ofbeldi í nánnum samböndum er sérstaklega greint á milli einstaklingsbundinna og samfélagslegra ástæðna ofbeldisins. Þá er samspil og sambætting þessara tveggja þátta einnig skoðað til að varpa ljósi á frekari ástæður sem skýra má með þáttum eins og heimsástandi, samfélagi, makasambandi og einstaklingseinkennum.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (2010), sem unnin var fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið, kemur fram að rúmlega 42% kvenna (meðal svarenda) hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Af þeim sögðu um 4% að þær hefðu orðið fyrir ofbeldi síðastliðna 12 mánuði. Í sömu könnun kom fram að um 22% kvenna sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánnum sambandi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Jafngildir það því að um 23-27 þúsund konur hér á landi séu beittar ofbeldi í nánnum sambandi einhvern tíma ævinni.<sup>7</sup>

Í bók Ingólfs V. Gíslasonar *Ofbeldi í nánnum samböndum: Ofbeldi afleiðingar úrræði* er að finna nokkrar skilgreiningar á heimilisofbeldi eða ofbeldi í nánnum samböndum.<sup>8</sup> Þar er gerð grein fyrir skilgreiningu í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem segir að ofbeldi gegn konum merki „*ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga kvenna, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.*“ Þá segir Ingólfur enn fremur frá því að skilgreiningar á ofbeldi í nánnum samböndum eiga það sameiginlegt að fela í sér hugsun um ofbeldi sem ferli en ekki einstaka atburði. Í því felst viðurkenning á tengslum samfélagslegra þátta við persónubundnar ástæður ofbeldisbeitingar.

Stærstan þátt í því að vekja athygli á mikilvægi samfélagsins og félagslegs umhverfis þegar kemur að ofbeldi, áttu kvennahreyfingar tuttugustu aldar. Í takt við alþjóðlega þróun í kvenfrelismálum komu íslenskir femínistar á tuttugustu öld því til leiðar að horft væri á ofbeldi í nánnum samböndum sem samfélagslegt vandamál.

Mikilvægt er að viðhalda slíkri gagnrýnni greiningu á raunverulegum ástæðum ofbeldis karla í samfélaginu. Í því sambandi er áriðandi að í námi um jafnréttismál og jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum sé fjallað um tengslin milli kynbundins ofbeldis og kvenfrelsis. Þess má geta að í 23.gr. jafnréttislaga er skýrt kveðið á um að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál. Þá kveður ný *Aðalnámskrá framhaldsskóla* á um að jafnrétti skuli vera ein sex meginstoða, þar sem markmið jafnréttismenntunar „*felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu*

<sup>7</sup> Tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna á aldrinum 18-80 ára af öllu landinu. Svarendur voru 2050 (68% svarhlutfall). Rannsóknin studdist við aðferðir *The International Violence against Women Survey (IVAWS)*.

<sup>8</sup> [www.velferdarraduneyti.is/media/Ofbeldisbaekur/OfbeldiAdalbokin.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/Ofbeldisbaekur/OfbeldiAdalbokin.pdf)

og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar [...]<sup>9</sup>

## 1.2. Kynbundið ofbeldi á Íslandi

Íslenskar rannsóknir á ofbeldi í nánnum samböndum hafa ekki lagt mikla áherslu á einkenni karla sem beita ofbeldi og lítið er til af rannsóknum sem gefa upplýsingar um þá karla sem beita konur ofbeldi í nánnum samböndum.

Í rannsókn Elísbetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds (2010) er þó dregin upp mynd af stöðu þeirra karla sem beita konur ofbeldi, með hliðsjón af svörum kvenna sem tóku þátt í spurningakönnuninni.<sup>10</sup> Af 445 konum sem svöruðu því til að þær hefðu orðið fyrir ofbeldi í nánnum sambandi, voru 87 (20%) þeirra ennþá í sambandi við þann aðila sem beittu þær ofbeldi en 358 (80%) höfðu orðið fyrir ofbeldi fyrrverandi maka. Þannig sýna niðurstöðurnar að í flestum tilvikum var ofbeldismaður fyrrverandi maki sem gefur til kynna að flestar konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum sambandi hafa slitið sambandi við ofbeldismanninn.

Í sömu rannsókn segir að mikill minnihluti þeirra kvenna sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum sambandi hafi tilkynnt brotið til lögreglu. Þannig sögðust um 20% hafa tekist á við afleiðingar ofbeldisins sjálfar og um 44% töldu að ofbeldið hefði ekki verið nógu alvarlegt til þess að tilkynna það til lögreglu. Um 10% sögðu ástæðuna fyrir því að þær tilkynntu ekki ofbeldið vera að ofbeldið væri of skammarlegt og um 14% tilkynntu það ekki af ótta við ofbeldismanninn eða vegna þess að þær vildu ekki að neinn vissi af ofbeldinu.

Með því að greina félagslegar aðstæður brotamanna og aðstæður þeirra kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánnum samböndum, hefur í auknum mæli verið hægt að benda á vægi þeirra gilda í samfélaginu sem hafa áhrif á hugmyndir um ofbeldi karla gegn konum. Róttin að félagslegri greiningu á ofbeldi í nánnum samböndum er sú afstaða að lausn á vandamáli ofbeldis náist eingöngu ef staða karla og kvenna í samfélaginu sé jöfn.

Að þessu sögðu verður að gera þá kröfu að stjórnvöld vinni markvisst að því að halda á lofti fræðslu til karla og kvenna um áhrif og afleiðingar heimilisofbeldis, með sérstakri áherslu á aukinn skilning á tengslum ofbeldis og stöðu kynjanna í samfélaginu.

## 1.3. Karlar og ofbeldi – meðferðarúrræði

Meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* hefur verið starfrækt af sálfræðingunum Einari Gylfa Jónssyni og Ragnari Andrésyni um nokkurra ára skeið. Hugmyndafræði úrræðisins byggist á norsku verkefni sem ber heitið *Alternativ til vold* – sem leggur áherslu á ábyrgð gerenda og uppbyggingu á getu þeirra til að þróa með sér skilning á raunverulegum valkostum við ofbeldisbeitingu.<sup>11</sup>

<sup>9</sup> [www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/](http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/)

<sup>10</sup> [www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/26012011\\_Ofbeldi\\_a\\_konum.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf)

<sup>11</sup> Karlar til ábyrgðar heimasíða, [www.karlartilabyrgdar.is](http://www.karlartilabyrgdar.is)

Þannig er markmið verkefnisins að bjóða uppá meðferð sem gefur körlum, sem hafa beitt ofbeldi í nánnum samböndum, úrræði til að láta af ofbeldisbeitingu. Sálfræðingarnir veita einstaklingsviðtöl og hópaviðtöl þar sem lengd meðferðar getur verið allt að tvö ár. Á tímabilinu 1998 til 2001 var verkefnið fjármagnað af ríki, sveitarfélögum og með stuðningi Rauða kross Íslands. Þó það hafi gefið góða raun, og um 80 karlar hafi sótt meðferð, varð að gera hlé á því vegna fjárskorts.

Árið 2006 skrifaði þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra undir viljayfirlýsingu um framhald verkefnisins og frá árinu 2007 hefur meðferðarúrræðið verið á fjárlögum og Jafnréttisstofa hefur haft rekstrarlega umsjón með verkefninu. Úrræðið hefur staðið karlmönnum á höfuðborgarsvæðinu til boða síðastliðin sjö ár, en það er eina sérhæfða meðferðin hér á landi. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar í jafnréttismálum er kveðið á um að meðferðarúrræðið verði eftt á árunum 2011 til 2014 og þjónustan veitt á öðrum stöðum. Nú geta karlar á Norðurlandi einnig nýtt sér úrræðið því ráðinn hefur verið sálfræðingur á Akureyri til þess að sinna verkefninu þar. Mikilvægt er að meðferðarúrræði líkt og *Karlar til ábyrgðar* standi til boða öllum þeim karlmönnum sem vilja nýta það. Því er brýnt að úrræðið nái til sem flestra svæða landsins.

Í ársskýrslu *Karla til ábyrgðar* fyrir árið 2011 kemur fram að á því ári komu 32 nýir karlar í viðtöl, auk þess sem 19 karlar héldu áfram í viðtalsmeðferð frá fyrra ári. Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu voru 219 og tekin voru 23 viðtöl við maka. Samtals voru því tekin 242 viðtöl árið 2011, miðað við 185 árið 2010.

Mikil aukning hefur áfram verið á aðsókn í meðferðarúrræðið. Sú aukning hófst sérstaklega undir lok síðasta árs og hefur haldið áfram. Þannig voru 55 viðtöl á fyrsta ársfjórðungi 2013 en 37 á sama tímabili 2012. Þetta er 60% aukning og virðist ekkert lát á. Allt bendir því til þess að tryggja verði meðferðarúrræðinu meira fjármagn til að bregðast við aukinni aðsókn.

#### 1.4. Úrræði lögreglu – afbrot og afplánun

Þann 5. júní 2011 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvikningu ofbeldismanns af heimili. Lögin gefa lögreglustjóra leyfi til að fjarlægja ofbeldismann af heimili og meina honum að koma þangað í tiltekinn tíma. Markmið laganna er að styrkja stöðu brotþola ofbeldis á heimilum. Í tengslum við markmið stjórnvalda á sviði jafnréttismála, eins og hún birtist í framkvæmdaáætlun fyrir árin 2011-2014, segir að kanna skuli hvort rétt sé að heimila að menn verði dæmdir til meðferðar vegna ofbeldis í nánnum samböndum.

Í rannsókn Guðbjargar S. Bergsdóttur og Rannveigar Þórisdóttur (2010) á heimilisofbeldi greinir frá skráningu tæplega eitt þúsund mála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006 og 2007 og flokkast undir ofbeldi eða ágreining milli skyldra og tengdra einstaklinga.<sup>12</sup> Við greiningu lögregluskýrslna kom í ljós að meirihluti gerenda höfðu áður verið ákærðir fyrir önnur brot en heimilisofbeldi, s.s. ölvun og meðferð ávana- og fíkniefna, þjófnað og hraðakstur. Þá segir frá því að í um 40% tilvika var a.m.k. eitt barn

---

<sup>12</sup> Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir (2010). *Heimilisofbeldi: ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007*, Ríkislögreglustjórnin. Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu.



á vettvangi þegar atvik átti sér stað. Gerandi var aðeins í 20% tilvika handtekinn en í 40% tilvika varð hann eftir á vettvangi. Í þriðjungi mála hafði gerandi áður beitt þolanda ofbeldi og konur voru mun líklegri en karlar til að vera ítrekað þolendur ofbeldis. Þegar tengsl gerenda og þolanda í heimilisofbeldismálum eru skoðuð kemur í ljós að í flestum tilvikum var um að ræða maka (43%) eða fyrrverandi maka (24%). Í 76% tilvika voru karlar gerendur og í 24% tilvika voru konur gerendur. Athygli vekur að nokkur munur virðist vera á milli lögregluembætta landsins þegar kemur að verklagi við skráningu lögregluskýrslna. Þannig eru hlutfallslega færri mál skráð á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Í umræðu um niðurstöður rannsóknarinnar koma fram ábendingar um að betur þurfi að standa að skráningu heimilisofbeldis. Verklagsreglur séu ólíkar á milli lögregluembætta sem skýri hlutfallslega færri tilvik heimilisofbeldismál á landsbyggðinni.

Í rannsókn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd fyrir félags- og tryggingamálaráðuneyti, *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Lögreglan*,<sup>13</sup> greinir Ingólfur V. Gíslason frá afskiptum og ákvörðunum lögreglu þegar tilkynningar um ofbeldi karla gegn konum berast henni. Í rannsókninni var leitast við að svara því hvernig verklagi er háttað við skráningu heimilisofbeldis, hvort sérhæfing innan lögreglunnar kalli á sérstakan viðbúnað í tengslum við heimilisofbeldi og hvort lögreglan telji sig hafa nægjanleg úrræði til þess að fást við ofbeldi karla gegn konum. Meðal niðurstaðna rannsóknarinnar var að meginvandi lögreglunnar þegar kemur að alvarlegu ofbeldi í nánnum samböndum er að þolendur vilja ekki fara með mál fyrir dómstóla. Lögreglan telur því að þörf sé á frekari úrræðum fyrir þolendur ofbeldisbrota. Þá kemur fram að í flestum tilvikum, sem lögregla er kölluð til vegna heimilisofbeldis, flokkist brot undir 217 gr. hegningarlaga,<sup>14</sup> greinar sem tekur til minniháttar líkamsárásar og segir að ekki eigi að höfða mál á grundvelli lagagreinarinnar „*nema almannahagsmunir krefjist þess*“.

Á Íslandi er sjaldgæft að afbrotamenn séu dæmdir til áfengis- eða fíkniefnameðferðar. Þó hafa dómarrar, í samræmi við lög um fullnustu refsinga, heimild til að fresta fullnustu bundið skilyrðum um að afbrotamaður gangist undir „*dvöl á hæli*“ í allt að 1 ár (sbr. orðalag í hegningarlögum og lögum um fullnustu refsinga). Eins eru afbrotamenn ekki dæmdir til samfélagsþjónustu, en hafa heimild til að sækja um að hluti refsingar fari fram í formi ólaunaðrar samfélagsþjónustu. Fangelsismálastofnun getur þá ákveðið að hluti samfélagsþjónustu skuli felast í viðtalsmeðferð sem skal þó ekki vera meiri en einn fimmti hluti samfélagsþjónustunnar.

Umræða um kosti og galla þess að dæma einstaklinga til meðferða vegna ofbeldis í nánnum samböndum þarf að taka tillit til þess að hugmyndafræði meðferðarúrræðisins *Karlar til ábyrgðar* gerir ráð fyrir því að karlar leitist sjálfviljugir eftir meðferð. Það hefur ekki tíðkast að beina körlum sem beitt hafa ofbeldi í meðferð með dómi og ekki hefur verið gerð rannsókn héraendis sem gefur tilefni til þess að draga ályktanir um gagnsemi

<sup>13</sup> Ingólfur V. Gíslason (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Lögreglan*, <http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Rannsokn-Ofbeldi-Logregla-28022011.pdf>

<sup>14</sup> 217. gr. Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð. Málssókn er opinber út af broti samkvæmt 1. mgr., og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

þess. Mikilvægt er að kanna gagnsemi þesskonar framkvæmdar í þessum málaflokki afbrota.

## 1.5. Tillögur: Karlar og ofbeldi – kynbundið ofbeldi

Ef hugmyndir ofbeldismanna eru mótaðar af skilaboðum sem réttlæta ofbeldisverk er mikilvægt að rætt sé um slíkar hugmyndir á gagnrýnin hátt og fjallað um tengsl jafnrar stöðu kynjanna og stöðu karla og kvenna í samfélaginu. Þessar hugmyndir er mikilvægt að ræða á öllum stöðum í samfélaginu. Því bera skólar og heimili mikla ábyrgð á því að börn og unglingar hljóti jafnréttisfræðslu þar sem fjallað er um ofbeldi í nánnum samböndum.

Stjórnvöld bera ríka ábyrgð á að fjármunum sé varið til rannsókna sem geta gefið skýrari mynd af tengslum ofbeldis og samfélags. Ef ofbeldi er réttlætt í skilaboðum samfélagsins til karla og karla á milli, verður að grípa markvisst inn með upplýsingum og fræðslu. Slík inngrip þarf að miða að því að skapa úrræði fyrir karlmenn sem sýna vilja til að komast úr vítahring ofbeldisbeitingar. Í umræðum um karla og ofbeldi hefur starfshópurinn kosið að leggja megináherslu á hugmyndir og aðgerðir gegn ofbeldi karla gegn konum, þar sem karlar eru gerendur. Líta verður til þess að íslenskar rannsóknir á ofbeldi eru nokkuð bundnar við greiningu á umfangi og afleiðingum ofbeldis karla gegn konum. Mikið verk er óunnið við að skýra félagslegar ástæður og samfélagsleg áhrif þeirrar tegundar ofbeldis sem er einna algengust, það er: ofbeldis karla gegn öðrum körlum.

Á grundvelli umræðu um málaflokkinn karlar og ofbeldi þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á kynbundið ofbeldi leggur starfshópur um karla og jafnrétti fram eftirfarandi tillögur að aðgerðum, rannsóknum og áherslum.

**Tillaga 1:** Brýn þörf er á frekari rannsóknum á ofbeldismenningu og þætti karla í henni. Með aukinni þekkingu á félagslegum ástæðum ofbeldismenningar má efla forvarnir gegn ofbeldi í nánnum samböndum og öðrum tegundum ofbeldis.

**Tillaga 2:** Kynjafræði og nám um ofbeldi í nánnum samböndum verði veigameiri hluti skólastarfs. Sérstaklega þarf að huga að og útfæra fræðslu fyrir drengi um tengsl siðferðis og samskipta í nánnum samböndum.

**Tillaga 3:** Gerð verði sérstök greining á gagnsemi þess að auka hlut viðtals- og hópmeðferðar vegna ofbeldis í nánnum samböndum, í tengslum við afplánun eða sem úrræði dómara við ákvörðun refsingar.

## 2. Karlar og umönnunarstefna – fæðingarorlof og forsjá barna

---

Í öllum samanburði, búa íslensk börn við einar bestu aðstæður sem um getur. Þá skipa norrænar þjóðir sérstakan sess í samanburði við önnur lönd þegar bornar eru saman lykiltölur um aðstæður barna til upveldis, menntunar og aðgengis að heilbrigðisþjónustu. Þannig hefur alþjóðlegur samanburður endurtekið sýnt að norrænar þjóðir tryggja heilbrigði barna sem skilar sér m.a. í niðurstöðum mælinga á tíðni ungbarnadauða. Árið 2011 greindi Efnahags- og framfarastofnunin OECD frá því að ungbarnadauði á Íslandi væri lægstur meðal samanburðarlanda – einungis 1,8 á hver þúsund lifandi fædd börn.<sup>15</sup> Samanburður á velferð og heilbrigði barna varpar þó ljósi á mörg möguleg svið greiningar og getur skapað flókna mynd. Af þeim sökum reynist oft erfitt að tryggja samkvæmni í samanburði milli landa og yfir lengri tíma. Þá eru skilgreiningar á hugtakinu *umönnunarstefna* afar ólíkar og háðar menningarlegu samhengi.<sup>16</sup>

Í umræðum starfshópsins um umönnunarstefnu og félagslegt umhverfi, með áherslu á þátttöku karla í umræðu um jafnréttismál, var sérstök áhersla lögð á möguleika karla til jafnrar þátttöku í umönnun barna – jafnari þátttöku í uppeldi. Í því ljósi var mikil umræða helguð notkun feðra á fæðingarorlofi og þær leiðir ræddar sem taldar eru geta leitt til aukinnar þátttöku feðra í uppeldi ungra barna. Þá var sérstök umræða um forsjármál með áherslu á stöðu þeirrar umræðu á Íslandi og leiðir til að tryggja velferð barna í ólíkum fjölskyldum.

### 2.1. Vettvangur umönnunar og aðkoma karla

Þeir sem aðhyllast karlréttindasjónarmið (e. men's rights) gagnrýna þá hugmynd að karlar njóti forréttinda í samfélaginu. Í sumum tilvikum er því haldið fram að það sem konur hafi áunnið með auknu jafnrétti í samfélaginu sé frá körlum tekið. Þá er bent á ýmsar fórnir karlmennsku svo sem hærri tíðni glæpa – þar sem karlar eru gerendur og þolendur, hærri tíðni sjálfsmorða og það ok sem fyrirvinnuhlutverkið felur í sér. Í þessu sambandi er oft rætt um að karlar búi að nokkru við verri heilsu en konur sem lifa lengur en karlar. Með nokkurri einföldum má segja að karlréttindasjónarmið skiptist síðan í tvennt. Í fyrsta lagi íhaldssamari sjónarmið sem lýsa nokkurri andstöðu við breytingar í átt til aukinna kvenréttinda. Í öðru lagi frjálslyndari sjónarmið sem leggja áherslu á að vinna markvisst að því að frelsa karla undan því oki sem karlmenskuhugmyndir leggja á þá. Í þessu sambandi nefnir Ingólfur Ásgeir Jóhannsson að seinni birtingarmynd slíkra karlréttindasjónarmiða megi fella undir það sem bandaríski fræðimaðurinn Michael Messner kallar karlfrelsunarsjónarmið (e. men's liberation) og að þeirra hafi gætt í sjónarmiðum og umræðu um karla og jafnrétti á Ísland.<sup>17</sup>

---

<sup>15</sup> OECD (2011). *Health at a Glance 2011: OECD Indicators*, OECD Publishing, [http://dx.doi.org/10.1787/health\\_glance-2011-en](http://dx.doi.org/10.1787/health_glance-2011-en)

<sup>16</sup> UNICEF (2008). *The child care transition. A league table of early childhood education and care in economically advanced countries*. Innocenti Report card 8. Florence: UNICEF Innocenti Research Centre.

<sup>17</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og Jafnréttisuppeldi*. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum. Reykjavík.

Þó að í starfshópnum hafi ekki verið tekin skýr afstaða til þess innan hvaða strauma umræður áttu sér stað má með nokkurri einföldun segja að áherslan hafi verið á frjálslýndari sjónarmið, þar sem leitað er svara við því hvað hægt sé að gera til að karlar taki og öðlist meiri ábyrgð á umönnun barna, hvort heldur átt sé við aðkomu að uppeldi í tengslum við feðraorlof, jafnari skiptingu fæðingarorlofs, eða í tengslum við aðkomu að uppeldi eftir skilnað og í umræðum um stöðu karla í forsjármálum. Af umræðunum leiddi síðan sú almenna niðurstaða að margt í þessari flóknu mynd er óskýrt og mikill hagur væri af auknum rannsóknum á þeim sjónarmiðum og aðstæðum sem ráða viðhorfum karla til aukinnar þátttöku í umönnun og uppeldi barna.

Nokkuð hefur verið rannsakað hvernig karlar nota rétt sinn til fæðingarorlofs. Greining á félagslegum afleiðingum fæðingarorlofs, áhrifum á þátttöku í uppeldi og þátttöku á heimili er þó ennþá minni en svo að hægt sé að draga miklar ályktanir um samfélagsleg áhrif feðraorlofs. Það sama á við um rannsóknir á breyttum viðhorfum og hugmyndum um „ólíkar fjölskyldur“ á Íslandi. Rannsóknir á hugmyndum og viðhorfum sem haft hafa afleiðingar til aukins umburðarlyndis gagnvart ólíkum fjölskyldum og fjölskylduformum er nokkuð ábótavant. Þetta á líka við um rannsóknir um þátt karla og kvenna í uppeldi og umönnun í ólíkum fjölskyldum, með ólíkt fyrirkomulag forsjár. Vandinn í umræðunni um málefni karla, jafnrétti og jafna aðkomu að umönnun, felst því ennþá að nokkru í skorti á greiningu á afleiðingum sem aukin réttindi þeirra hafa haft.

## 2.2. Fæðingarorlof

Fæðingarorlof kvenna á sér nokkuð langa sögu á Íslandi, þó Norðurlöndin hafi flest verið nokkuð á undan að tryggja konum réttindi til töku fæðingarorlofs með lögum.<sup>18</sup> Í fyrstu lögum um fæðingarorlof var ætlunin að tryggja heilsu móður og barns en með þróun samfélagsgerðar og breyttum viðhorfum hafa hugmyndir um mikilvægi og þýðingu orlofsins tekið breytingum.<sup>19</sup> Ein stærsta breytingin varð þegar hugmyndir um feðraorlof náðu fram að ganga um síðustu aldamót með nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum nr. 95/2000. Í lögnum er kveðið á um tilhögun réttinda foreldra, karla og kvenna, til greiðslna fæðingarorlofs úr Fæðingarorlofssjóði. Með lögnum var feðraorlof fest í sessi.

Fyrstu lögum um fæðingarorlof gáfu konum aukna möguleika á að vinna launaða vinnu utan heimilis. Þá var lögnum ekki síst ætlað að tryggja rétt þeirra til að snúa aftur til vinnu eftir fæðingu barns. Feðraorlofið var hinsvegar pólitísk aðgerð af öðrum toga. Með einföldun má segja að markmið laganna hafi annars vegar snúist um að „ryðja brautina“ fyrir karla inn á heimilin, þ.e. að búa til eins konar tækifæri sem karlar höfðu ekki áður fengið til að taka aukinn þátt í uppeldi barna sinna. Hins vegar var markmiðið að stuðla að jafnari stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Með lögnum fengu karlar orlofsréttindi sem tryggð voru með löggjöf og veittu feðrum, eins og kemur fram í markmiðum laga nr. 95/2000, tækifæri til að byggja upp samband við barn sitt frá upphafi, með aukinni þátttöku í uppeldinu.

---

<sup>18</sup> Fríða Rós Valdimarsdóttir (2005). *Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndum og reynsla þjóðanna*, [www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/ff05.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/ff05.pdf)

<sup>19</sup> Guðný Björk Eydal (2005). *Family Policy in Iceland 1944-1984*. Sociologiska Institutionen, Gautaborg.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi (sbr. lög um tryggingagjald). Tryggingagjald er greitt af atvinnurekendum sem hlutfall af heildarupphæð staðgreiðsluskyldra launa. Breytt lög um rétt feðra til fæðingarorlofs var því fyrst og fremst vinnumarkaðsaðgerð, enda ljóst að samþykki aðila vinnumarkaðarins var grundvöllur fyrir lögnum. Eitt mikilvægra markmiða lagasetningarinnar fólst í að jafna rétt launþega til fæðingarorlofs óháð því hvort þeir störfuðu á almenna vinnumarkaðnum eða hinum opinbera.

Umræða um jafnrétti fer saman við markmið um jafna þátttöku karla og kvenna í umönnun og uppeldi. Í feðraorlofinu felst viðurkenning á að unnið skuli að jafnari ábyrgð kynjanna og er skref í átt að markmiðum um jafnrétti kynjanna. Í jafnréttislögum er sérstaklega áréttáð að „*Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði*“. Leiðir sem atvinnurekendur skulu fara til þess að tryggja þessi markmið felast m.a. í því að gera foreldrum kleift að sinna uppeldi með samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Feðraorlofinu er fyrst og fremst ætlað að koma á jafnrétti milli karla og kvenna á vettvangi fjölskylduábyrgðar og á vinnumarkaðnum og er mikilvægur liður í að veita fólki möguleika til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Norrænar og evrópskar rannsóknir sýna að konur taka mun lengra fæðingarorlof en karlar og taka stærstan hluta fæðingarorlofs sem hjónum og þörum er veitt sameiginlega. Þetta á einnig við um notkun sameiginlegs réttar til fæðingarorlofs á Íslandi. Íslenskir feður nota minnihluta þess fæðingarorlofsréttar sem foreldrar og þör skipta með sér. Í þessu sambandi hefur skapast umræða um að ástæður þess snúi helst að því að konur hafi aukinn vilja til þess að taka að sér ábyrgð uppeldis á fyrstu mánuðum og árum barna. Slík umræða verður að taka mið af því hvernig staðan er í dag og hvaða afleiðingar aukin tækifæri karla til lengra fæðingarorlofs hefur til að tryggja markmið um jafnari tækifæri karla og kvenna í samfélaginu.

Til að auka töku karla á orlofi sem foreldrum er veitt sameiginlega þarf að veita körlum aukinn stuðning í foreldrahlutverki. Í því sambandi er vert að skoða möguleika á að styðja við hverskonar vettvang þar sem feður geta deilt reynslu sinni og upplifun af uppeldi og umönnun. Þekkt er að einstök kaffihús og safnaðarheimili hafa haldið svokallaða „pabbamorgna“ sem hafa mælst vel fyrir. Stuðningur við slík úrræði er mikilvægur. Í aðgerðaráætlun Norðmanna í jafnréttismálum er sérstakt verkefni áætlað til þess að veita nýjum feðrum tækifæri til þess að hittast, deila reynslu sinni og ræða málefni sem tengjast uppeldi og umönnun.<sup>20</sup>

Rannsóknir sýna að lengri orlofstími foreldra skilar sér í betri heilsu, þroska og velferð barna. Þá eykur lenging orlofsins einnig gæði samskipta barna og foreldra.<sup>21</sup> Ef markmið fæðingarorlofslaga er að tryggja börnum rétt til samvista við foreldra og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, liggur beinast við að tryggja þann rétt í auknum mæli. Bent hefur verið á nauðsyn þess að takast á við misræmi sem felst í því að fæðingarorlof foreldra er ekki nægjanlega langt til þess að foreldrar geti veitt börnum sínum umönnun, í orlofi, þar til þau komast í leikskóla. Tímabil, milli þess þegar réttur til fæðingarorlofs er liðinn og barn fær pláss í leikskóla, þurfa foreldrar að brúa.

<sup>20</sup> [www.regjeringen.no/upload/BLD/Likestilling/likestilling\\_2014.pdf](http://www.regjeringen.no/upload/BLD/Likestilling/likestilling_2014.pdf)

<sup>21</sup> Berit Brandth og Ingólfur V. Gíslason í Ingólfur V. Gíslason og Guðný Björk Eydal, ritstj. (2011). *Parental leave, childcare and gender equality in the Nordic countries*. TemaNord 2011:562.

Aðstæðurnar geta skert möguleika foreldra til að koma aftur til vinnu fullt starf. Í ljósi hugmynda um hefðbundin kynjahlutverk í umönnun og uppeldi má telja líklegt að þessi staða bitni á konum fremur en körlum.

Fæðingarorlofið á Íslandi hefur vakið eftirtekt í nágrennalöndum okkar og í Evrópu, sérstaklega fyrir þann hluta fæðingarorlofsins sem eingöngu er ætlaður körlum. Fæðingarorlofinu nú um stundir er skipt í þrennt, barnsmóðir fær einn þriðja, faðir eða maki einn þriðja og einn þriðji er síðan sameiginlegur með báðum foreldrum. Sjálfstæður réttur hvors foreldris er ekki framseljanlegur. Af því leiðir að ef karlar frekar en konur veigra sér við því að taka fæðingarorlof vegna lægri fæðingarorlofsgreiðslna eða af öðrum ástæðum, tapast sá tími sem annars hefði verið varið í umönnun. Markmið breytinga á fæðingarorlofslögum, sem gengu í gildi 1. janúar 2013 munu auka enn þann hluta fæðingarorlofs sem ekki er framseljanlegur.

Til að tryggja markmið um jafnrétti verður að tryggja aukna möguleika karla til þess að taka sinn hluta fæðingarorlofs. Gera má ráð fyrir því að þegar karlar taka fæðingarorlof auðveldi það að jafna möguleika kynjanna á vinnumarkaði og með jafnari ábyrgð á heimili er „kostnaðinum“ við barneignir jafnar dreift á milli karla og kvenna.

### **2.3. Fæðingarorlof og breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof**

Frá árinu 2000 hafa verið gerðar allmargar breytingar á fæðingar- og foreldraorlofslögum. Breytingarnar hafa oftast orðið til að draga úr réttindum foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og höfðu, á síðasta ári, þær afleiðingar að karlar tóku styttra feðraorlof en síðastliðin ár. Breytingarnar hafa þó líka verið gerðar með það að markmiði að jafna rétt launþega á almennum og opinberum vinnumarkaði og orðið til að festa í sessi rétt samkynhneigðra til fæðingarorlofstöku.

Árið 2004 var gerð breyting á viðmiðun við ákvörðun greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi sem fól í sér skerðingar frá því sem verið hafði. Sama ár var auk þess sett þak á þá upphæð sem foreldrar gátu fengið greidda í fæðingarorlofi. Ástæður þessa voru fyrst og fremst viðbrögð við mun meiri fæðingarorlofstöku feðra en búist hafði verið við. Afleiðingarnar jákvæðra viðbragða feðra við rétti til töku fæðingarorlofs voru þær að Fæðingarorlofssjóður þurfti að greiða mun meira út en áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

Árið 2006 voru gerðar mikilvægar breytingar á lögum um fæðingarorlof. Hugtakanotkun var breytt svo lögin næðu til réttinda samkynhneigðra foreldra. Fellt var út ákvæði um að umönnunargreiðslur til foreldra vegna langveikra barna væru ósamrýmanlegar greiðslum í fæðingarorlofi og heimild til töku foreldraorlofs rýmkuð. Hinn 1. janúar 2007 hækkaði mótframlag Fæðingarorlofssjóðs í lífeyrissjóð í 8% að lágmarki. Þá má einnig nefna að sama ár var umsýsla með Fæðingarorlofssjóði færð til Vinnumálastofnunar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í maí 2008 voru aftur gerðar nokkrar breytingar á lögum um fæðingarorlof, sem tóku gildi 1. júní sama ár, þegar breyting var gerð á viðmiðunartímabili vegna útreiknings á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Breytingar voru aftur gerðar á lögum í desember

2008 þegar hámark greiðslna var aftur lækkað, þá í 400.000 kr. til foreldra barna sem fædd voru eftir 1. janúar 2009.

Á ný voru gerðar breytingar á lögnum sem tóku gildi 1. júlí 2009 þegar hámark greiðslna var að nýju lækkað, nú í 350.000 kr. á mánuði en heimild foreldra til að taka fæðingarorlof lengd þar til barn hefur náð 36 mánaða aldri í stað 18 mánaða áður. Síðustu breytingar á lögnum voru gerðar í desember 2009. Þær tóku gildi vegna barna sem fædd voru, tekin í fóstur eða ættleidd eftir 1. janúar 2010. Annars vegar var hámark greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði lækkað í 300.000 kr. Hins vegar var hlutfall greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði vegna meðaltalstekna á viðmiðunartímabili umfram 200.000 kr. lækkað úr 80% í 75%. Þetta hafði þær afleiðingar að foreldrar héldu 80% af heildartekjum upp að 200.000 kr. en bara 75% af tekjum umfram 200.000.

Flestar þessara breytinga miðuðu að lækkun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Því til staðfestingar má sjá að árið 2008 gátu greiðslur til foreldris hæstar orðið 535.000 kr. en nú geta greiðslurnar orðið hæstar 350.000 kr. Áhrifin sem þessar breytingar höfðu á töku fæðingarorlofs lýsa sér í tölum frá Fæðingaorlofssjóði um fjölda feðra sem taka fæðingarorlof. Tölurnar sýna að feðrum sem taka fæðingarorlof fækkaði á milli árána 2010 og 2011 um 10%. Á sama tíma fækkaði mæðrum sem tóku fæðingarorlof um 5%. Bent skal á að fæðingum fækkaði nokkuð á þessu tímabili en þrátt fyrir það fækkaði feðrum sem tóku fæðingarorlof hlutfallslega mun meira en mæðrum. Í upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði kemur fram að fækkun varð líka á meðalfjölda daga sem feður voru í fæðingarorlofi. Þannig lækkaði meðalfjöldi fæðingarorlofsdaga feðra úr 102 dögum árið 2008 í 99 daga árið 2009. Lækkunin heldur síðan áfram árið 2010 en þá var meðalfjöldi daga, sem feður fengu greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði, 90 dagar og ennþá fækkaði dögum árið 2011 þegar þeir voru 82 talsins.

Ýmsir aðrir þættir hafa haft áhrif á þá minnkun sem hefur orðið á töku fæðingarorlofs hjá feðrum síðustu ár. Ætla má að breytingar sem hafa orðið í íslensku samfélagi frá haustmánuðum árið 2008, ekki síst á innlendum vinnumarkaði, hafi haft áhrif á vilja, og í sumum tilfellum getu, feðra til að taka fæðingarorlof. Í því sambandi má nefna óöryggi á vinnumarkaði, lækkun kaupmáttar og skuldir heimilanna.

Í ljósi þessarar umræðu er afar ánægjulegt að nýjustu breytingar á fæðingarorlofslögum, sem tóku gildi 1. janúar 2013, miða að því að draga til baka þær neikvæðu breytingar sem gerðar voru síðustu ár. Réttur til töku fæðingarorlofs hefur verið lengdur. Árið 2014 mun réttur hvors kyns lengjast um einn mánuð. Næstu tvö ár, árin 2015 og 2016, mun bætist hálfur mánuður við fæðingarorlofið. Þannig verður skipting foreldra árið 2016 svokölluð 5+5+2 skipting. Þetta þýðir að foreldrar munu hafa fimm mánaða óframseljanlegan rétt til fæðingarorlofs. Þá hefur hámark fæðingarorlofsgreiðslna verið hækkað í 350.000 kr., úr 300.000 kr.

Þessum nýjustu breytingum á fæðingarorlofslögum ber að fagna. Breytingarnar eru gerðar til þess að vinna að markmiðum laganna um að tryggja börnum rétt og tækifæri til að treysta samband við barn sitt frá upphafi. En hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru ennþá lágar, miðað við meðallaun. Sérstaklega þarf því að kanna möguleika til að hækka mánaðargreiðslur til einstaklinga, svo þær endurspegli betur meðallaun á Íslandi



eða tekjuviðmið. Núverandi staða vinnur gegn þróun í átt til jafnrar þátttöku og hefur þannig orðið til að vinna gegn markmiðum um kynjajafnrétti.

Nokkurn hluta þess fæðingarorlofs, sem mæður fá úthlutað, er þeim skylt að taka. Í 3. mgr. 8. gr. fæðingarorlofslaga segir: „*Móðir skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns.*“ Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að ákvæðið byggist á 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðs Evrópusambandsins um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, nr. 92/85/EBE. Jafnframt segir að þessar tvær vikur skuli vera hluti af veittu fæðingarorlofi.

Í starfshópnum um karla og jafnrétti var rætt um möguleg úrræði sem gætu orðið til þess að karlar nýttu stærri hluta sameiginlegs orlofs og þess fæðingarorlofs sem þeir fá sérstaklega sem er óframseljanlegur. Í þeirri umræðu varð ljóst, að leið til þess að stuðla að markmiðum fæðingarorlofslaga, gæti falist í að skilyrða tvær vikur þess tíma sem feður fá úthlutað, við fyrstu tvær vikur eftir fæðingu barns og skylda feður til töku þess. Slík skilyrðing á töku fæðingarorlofs yrði ekki ákvörðuð með sömu rökum og eiga við um mæður, þ.e. á grundvelli ráðstafana til að efla öryggi og heilbrigði fedra, en gæti orðið til að vinna að markmiðum fæðingarorlofslaga um að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera körlum betur kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

## **2.4. Karlar og forsjármál, réttur til umgengni og hagsmunir barna**

Barn hefur rétt til að umgangast báða foreldra sína, nema það sé andstætt hagsmunum þess. Þegar foreldrar búa ekki saman er því mikilvægt, fyrir velferð barna, að þeir geti átt góð samskipti. Í V. kafla barnalaga, laga nr. 76/2003 segir: „*Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi, en foreldrar geta með dómsátt ákveðið að forsjáin verði sameiginleg.*“ Félag um foreldrajafnrétti hefur um árábil bent á mikilvægi þess að dómurum verði færð heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá, þar sem grundvöllur sameiginlegrar forsjár foreldra sé blönduð búseta barna. Félag um foreldrajafnrétti telur að hagsmunir flestra skilnaðarbarna séu best tryggðir með blandaðri búsetu. Krafa er mjög í ætt við þær tillögur sem árið 2007, leiddu til breyttra barnalaga í Noregi 2008. Þá var dómurum færð heimild til þess að dæma foreldrum sameiginlega forsjá. Markmiðið með þeim breytingum var að leggja aukna pressu á foreldra, sem ekki höfðu náð samkomulagi um sameiginlega forsjá, til að sameinast um hagsmuni barna sinna.

Gagnrýnendur þess að heimildir dómara nái til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá hafa bent á að geti foreldrar ekki náð samkomulagi sjálfir, þá sé til lítils að skikka þá til samstarfs um hagsmuni barna sinna. Þá hefur einnig verið bent á að í meirihluta tilfella fara foreldrar sameiginlega með forsjá eftir skilnað. Í því sambandi ber þó að líta til þess að á Íslandi skiptir fleira máli en forsjá þegar ákvarðanir eru teknar um hagi barns. Í lögum er gert ráð fyrir að barn geti eingöngu átt eitt lögheimili og það foreldri sem hefur lögheimili með sínu barni getur einhliða tekið afgerandi ákvarðanir um hagi barns, þar með talið búsetu.

Þann 12. júní, 2012 voru samþykkt á Alþingi, lög um breytingu á barnalögum, lögum nr. 76/2003, sem tóku gildi 1. janúar 2013. Í lögnum er ný grein sem leggur aukna áherslu mikilvægi þess að sættir takist með foreldrum sem deila um forsjá. Þar segir að: „*Áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, umgengni eða dagsektir er foreldrum skylt að leita sátta*“. Markmiðið með sérstakri grein um sáttarmeðferð felst í að „*hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem er barni fyrir bestu*“. Að baki þessu ákvæði liggur sú hugmynd að reynt skuli til hins ýtrasta að koma í veg fyrir að forsjármál rati fyrir dómstóla.

Á Íslandi, eins og í nágrannalöndunum, hefur ríkt spenna í kringum umræðuna um forsjármál. Af þessum sökum var nokkuð miklum tíma umræðna starfshópsins varið í umfjöllun um leiðir til að vinna gegn ágreiningi foreldra vegna forsjármála og í tengslum við skilnaðarmál. Ræddar voru hugmyndir um leiðir til að lágmarka áhrif skilnaðar á börn og skapa grundvöll samskipta skilnaðarforeldra sem einkennist af gagnkvæmum skilningi fyrir jafnri aðkomu að uppeldi og umönnun. Umræðan tók mið af því að í flestum tilvikum er forsjá sameiginleg og dómarrar munu ennþá hafa heimild til þess að dæma öðru foreldri forsjá, hafi sátt ekki tekist.

Ákvæði í barnalögum um sáttameðferð eru mjög í anda hugmynda sem komu fram í umræðum starfshópsins. Þó þykir starfshópnum ástæða til að leggja aukna áherslu á gildi upplýsingagjafar til handa foreldrum sem sækja um skilnað. Þessi aukna áhersla lýsir sér hugmyndum um sérstakt skilnaðarnámskeið fyrir foreldra þar sem þeir fá tækifæri til að ræða, með sérfræðingi, um mögulegar afleiðingar skilnaðar á börn sín.

## 2.5. Karlar og meðlagsgreiðslur – óvissa um lykilstærðir

Í svari Ögmundar Jónassonar, þá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, í desember 2010, við fyrirspurn þingmannsins Birkis Jóns Jónssonar, um vanskil meðlagsgreiðslna, kemur fram að meðlagsgreiðendur á Íslandi voru í nóvember sama ár, 11.618 talsins. Af þeim voru karlar 11.060 og konur voru 558. Í árslok 2010, þegar upplýsingar voru teknar saman fyrir ráðherra, voru áætlaðar meðlagsskuldir þessa hóps um 20.080.626.063 kr. fyrir hóp karla og 575.284.395 kr. fyrir hóp kvenna. Ljóst er af þessum tölum að um mjög háar upphæðir er að ræða, sem gefa tilefni til þess að fram fari ýtarleg greining á aðstæðum þessa þjóðfélagshóps.<sup>22</sup> Í umræðu um tengsl karla og umönnunar barna eftir skilnað, óháð fyrirkomulagi forsjár, ríkir nokkur óvissa. Óvissan birtist m.a. skorti á upplýsingum um fjárhagsstöðu þess hóps foreldra sem greiða meðlög með börnum sínum.

Um mitt ár 2012 voru *Samtök meðlagsgreiðenda* stofnuð. Markmið samtakanna er að beina sjónum að félags- og fjárhagslegri stöðu meðlagsgreiðenda. Liður í því er að unnin verði greining á hópum í opinberri hagskýrslugerð. Samtökin hafa bent á að í dag ríkir raunverulegur skortur á upplýsingum um meðlagsgreiðendur. Ástæðan virðast einkum felast í að meðlagsgreiðendur hafa ekki fjölskyldunúmer í þjóðskrá og eru því undanþegnir rannsóknum á stöðu barnafjölskylda. Meðlagsgreiðendur fara þá varhluta af úrræðum sem í boði eru fyrir barnafjölskyldur. Í því sambandi ber að geta þess að samtökin hafa farið fram á að hópur meðlagsgreiðenda verði viðurkenndur aðili að bótakerfi ríkis og sveitarfélaga. Rík ástæða er að taka undir kröfu samtakanna um

<sup>22</sup> [www.althingi.is/alttext/139/s/pdf/0405.pdf](http://www.althingi.is/alttext/139/s/pdf/0405.pdf)

mikilvægi þess að greina með ítarlegum hætti hver félags-, laga-, og efnahagsleg staða meðlagsgreiðenda er. Jafnframt verður að svara því hvaða áhrif staðan hefur á möguleika meðlagsgreiðenda til jafnrar þátttöku í uppeldi og umönnun barna.

## 2.6. Tillögur: Karlar og umönnunarstefna – fæðingarorlof og forsjá barna

Á grundvelli umræðna um málaflokkinn umönnunarstefna, fæðingarorlof og forsjá barna, þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á umræðu um fæðingarorlof og tækifæri karla til þess að axla jafna ábyrgð í uppeldi og umönnun, leggur stafshópurinn um karla og jafnrétti fram eftirfarandi tillögur að aðgerðum, rannsóknum og áherslum.

**Tillaga 4:** Til að tryggja markmið fæðingarorlofslaga þarf hámark greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði að hækka. Greina verður möguleika til hækkunar sem tekur mið af tekjuviðmiðum eða meðallaunum á Íslandi.

**Tillaga 5:** Stefnt verði að tveggja vikna skyldubundnu fæðingarorlofi feðra. Á grundvelli samráðs við aðila vinnumarkaðarins og í kjölfar úttektar verði stefnt að því að feður, líkt og mæður, taki fæðingarorlof fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns.

**Tillaga 6:** Lagt er til að skapaður verði vettvangur fyrir feður til að bera saman bækur sínar og ræða málefni sem tengjast uppeldi og umönnun barna.

**Tillaga 7:** Stafshópurinn telur að kanna ætti grundvöll námskeiðs fyrir foreldra um afleiðingar skilnaðar á börn. Slík námskeið gætu orðið til þess að milda slæmar afleiðingar skilnaðar og styrkt markmið um jöfnun foreldraábyrgðar.

**Tillaga 8:** Lagt er til að gerð verði ítarleg rannsókn á félags-, laga-, og efnahagslegri stöðu meðlagsgreiðenda með áherslu á stöðu feðra sem ekki hafa lögheimili með börnum sínum. Lagt er til að í slíkri rannsókn verði lögð áhersla á að svara spurningum um möguleika foreldra til jafnrar þátttöku í uppeldi og umönnun.

### 3. Karlar, heilsa og lífsgæði

---

Í kjölfar ályktana í framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna í málefnum kvenna samþykkti Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO), í maí 2007, að stefnumörkun á öllum sviðum starfseminnar skuli taka mið af kynjasjónarmiðum. Markmiðin miða meðal annars að því að greint skuli á milli kynja við söfnun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga. Þá skal samþætta sjónarmið kvenna og karla í allri stjórnun Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar. Til að tryggja samþykktinni framgang var sérstöku sviði innan stofnunarinnar komið á fót sem skal gera grein fyrir árangri markmiðanna.<sup>23</sup>

Í nýlegri bók Berit Schei og Leif S. Bakketeig (2007) leggja höfundar áherslu á að notast sé við kynjasjónarmið við greiningu á lýðheilsu. Heiti bókar þeirra gefur tilefni til umhugsunar um núverandi stöðu. Hún nefnist *Konur þjáast – karlar deyja* (n. Kvinner lider – menn dør). Rannsóknir sem bókin greinir frá varpa ljósi á mikilvægi þess að meta mismunandi þarfir karla og kvenna, svo hægt sé að byggja heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af ólíkum þörfum og sjónarmiðum kynjanna.<sup>24</sup> Höfundar benda á að mikilvægt sé að áherslur stjórnvalda og stofnana séu í samræmi við þekkingu á kynjasjónarmiðum í allri vinnu við stefnumótun og ákvarðanatöku í heilbrigðismálum.

Ógerlegt er að greina frá öllum þeim áhrifapáttum sem verka á heilsufar og lífsgæði karla og kvenna. Ljóst er að heilsufar kynjanna er ólíkt meðal annars vegna þess að starfsval og líf þeirra er oft mjög ólíkt. Þannig hafa mismunandi þættir áhrif á lífsgæði kynjanna. Sjónarmið kynjanna, og áhersla á heilsu og lífsgæði, birtast með ólíkum hætti þegar horft er til stöðu heilbrigðismála á Íslandi. Hér snýst umræðan ekki í sama mæli, og í mörgum löndum heims, um að tryggja jöfn réttindi karla og kvenna til heilbrigðisþjónustu. Nærtækara er að íslensk heilbrigðisfyrirvöld gæti kynjasjónarmiða við forvarnir, greiningu og meðferð sjúkdóma. Áherslan þarf öðru fremur að vera á aðferðafræði kynjasambættingar eins og hún er skilgreind í jafnréttislögum.<sup>25</sup> Það er skylda stjórnvalda að samþætta kynjasjónarmið í allri stefnumótun og áætlunargerð, sbr. 17 gr. laga nr.10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Vegna þess að heilsufars- og líffræðilegir áhættuþættir sjúkdóma meðal karla og kvenna eru oft ólíkir eru forvarnir, eins og þær nýtast til að hafa áhrif á bætt heilsufar, sérstaklega mikilvægar í tengslum við svokallaða lífstílssjúkdóma (menningarsjúkdóma). Lífstílssjúkdómar snúa að þáttum í umhverfi okkar og lífi sem hægt er að hafa áhrif á með breyttum lífsvenjum og aukinni vitund um afleiðingar lífsvenja. Mataræði, hreyfing, lífstíll og ástand húsnæðis hefur áhrif á tíðni slíkra sjúkdóma. Að þessu leyti skarast viðfangsefnin, heilsa og lífsgæði. Markmiðið er að benda á leiðir til að fá karla til að taka þátt í umræðu um eigin heilsu og lífsgæði og að í þeirri umræðu séu sjónarmið skoðuð sem tengja saman kyn, kynhlutverk, heilbrigði og lífsgæði.

---

<sup>23</sup> [http://whqlibdoc.who.int/publications/2011/9789241502337\\_eng.pdf](http://whqlibdoc.who.int/publications/2011/9789241502337_eng.pdf)

<sup>24</sup> Berit Schei og Leif S. Bakketeig (ritstj.) (2007). *Kvinner lider - menn dør: Folkehelse i et kjønnsperspektiv*. Gyldendal akademisk, Oslo.

<sup>25</sup> 2. gr. laga nr. 10/2008: *Kynjasambætting*: Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

### 3.1. Karlar og heilsa – félagslegar eða menningarlegar ástæður?

Í september 2012 voru fyrstu niðurstöður evrópska rannsóknarverkefnisins *Role of Men in Gender Equality* kynntar.<sup>26</sup> Rannsóknin, sem unnin er að beiðni ramkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, er samvinnuverkefni sem kortleggur ýmsa þá þætti sem hafa áhrif á jafna þátttöku og jafnan rétt karla og kvenna meðal Evrópuþjóða. Í umfjöllun um karla og heilsu segir frá mismunandi lífslíkum kynjanna. Kemur þar fram að karlar geta að jafnaði búist við því að ná 76,7 ára aldri á meðan konur geta að búist við að ná 82,6 ára aldri. Árið 2010, var meðalævilengd karla á Íslandi 79,5 ár en hjá konum var hún 83,5 ár. Munar þar fjórum árum á körlum og konum.

Í ofangreindri rannsókn reyndust mikilvægustu áhrifaþættir langlífis karla og kvenna í Evrópulöndunum vera menntun og stéttarstaða. Rannsóknin sýnir að stétt, menntun og tekjur hafa mestu áhrif á tíðni heilsufarsvandamála meðal karla. Þá eru einnig sterk tengsl á milli stéttar, menntunar og tekna við áhættu í störfum. Ennfremur sýnir rannsóknin að karlar sem vinna áhættusöm störf, störf sem krefjast lítillar menntunar, eru líklegri til að kljást við afleiðingar ýmiskonar áhættuhegðunar, líkt og áfengis og vímuefnaneyslu.<sup>27</sup> Þekkt er að karlar, frekar en konur, láta lífið í vinnuslysum sem aftur tengjast áhættu í þeim störfum sem þeirra sinna.

Sjúkrahúslegur kvenna á Íslandi árið 2009, sé miðað við 1.000 íbúa og almennar deildir sjúkrastofnana, voru 173 talsins. Sjúkrahúslegur karla á sama ári og miðað við sömu forsendur voru 120 talsins.<sup>28</sup> Konur leita einnig talsvert meira til heilsugæslustofnana en karlmenn. Konur voru 58% þeirra sem komu í viðtöl og 64% vitjana voru til kvenna.<sup>29</sup> Þegar skoðaðar eru tölur um fjölda krufninga á Íslandi kemur í ljós að árið 2009 voru 158 karlar krufðir, en konur voru mun sjaldnar krufðar, eða alls 60 konur.

Séu dánarorsakir karla og kvenna skoðaðar í gögnum Hagstofu Íslands kemur í ljós að karlar, frekar en konur, deyja af ástæðum sem kallast „*dauðsföll vegna ytri orsaka*“. Á árinu 2009 létust 118 manns vegna ytri orsaka, 39 konur og 79 karlar, það er svipuð tíðni og árin á undan. Af þeim voru dauðsföll í „*óhöppum almenn*“ alls 65 og í þeim hópi voru 25 konur og 40 karlar. Þá vekur athygli að sjálfsvíg eru umtalsvert algengari meðal karla en kvenna. Árið 2009 féllu 7 konur og 29 karlar fyrir eigin hendi. Það er svipaður fjöldi og árin á undan.

Niðurstöður sjálfsgreininga (e. self report) sýna að karlar eru almennt jákvæðari en konur þegar kemur að viðhorfi til eigin heilsu og mats á henni. Konur eru líklegri til að telja heilsu sína verri og eru ennfremur líklegri til þess að sækja sér lækniþjónustu þegar svo ber undir. Þá er þekkt að konur eru, samkvæmt rannsóknum á evrópskum vinnumarkaði, frekar fjarverandi frá vinnu vegna veikinda. Ýmsar vísbendingar benda til að ástæður þess að konur leita frekar til læknis séu fólgnar í félagsmótun, þ.e. körlum er frekar samt

<sup>26</sup> Lechner, Reiter & Riesenfelder Sozialforschung, [www.irsocialresearch.at/sozialforschung/archiv-en/536-Role-of-men-in-gender-equality](http://www.irsocialresearch.at/sozialforschung/archiv-en/536-Role-of-men-in-gender-equality)

<sup>27</sup> <http://heterodoxia.files.wordpress.com/2012/10/jornada-paco.pdf>

<sup>28</sup> Hagstofa Íslands, Talnaefni Heilbrigðis-, félags- og dómsmál. Sótt 15. maí 2012.

<sup>29</sup> Talnabrunnur, Fréttabréf Landlæknis um heilbrigðistöflfræði, 5. árg. 5. tölublað. Maí 2011, [www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2713/version12/4748.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2713/version12/4748.pdf)

að harka af sér meðan konur séu frekar hvattar til að leita aðstoðar.<sup>30</sup> Með tilliti til þess að karlar eru tæpast mikið heilsuhraustari en konur, eins og sést þegar heilsufarsupplýsingar eru skoðaðar, gæti frekari samanburður á konum og körlum dregið upp skýrari mynd af heilsu kynjanna og mismun á viðhorfi þeirra til heilsu.

Í ljósi umræðunnar hér að ofan er vert að ræða spurningar sem vakna um mismunandi heilsufar, og heilsufarstölfræði með vísan til líffræðilegs munar milli kynjanna og þess að hve miklu leyti ástæður þessa mismunar eru félags- eða menningarlegar. Hér verður því ekki gerð tilraun til að svara þeim spurningum. Hinsvegar er ljóst að nokkur munur getur verið á körlum og konum í heilbrigðis­tölfræði og markmið heilbrigðisstefnu sem tekur mið af mismunandi þörfum karla og kvenna verða að skilgreina þessar mismundandi þarfir til þess að geta mætt þeim.

Rannsóknir benda til þess að heilsufar ólíkra þjóðfélagshópa á Íslandi sé mismunandi. Þetta kemur meðal annars fram í félagsvísunum *Velferðarvaktarinnar*. Þar er að finna safn fjölbreyttra tölfræðilegra upplýsinga sem varpa ljósi á þjóðfélagsástand á hverjum tíma og stöðu ýmissa þjóðfélagshópa. Tilgangur félagsvísanna er að auðvelda stjórnvöldum og að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu.<sup>31</sup> Mikilvægt er að félagsvísarnir nýtist til að greina mismunandi stöðu karla og kvenna. Þá verður að teljast afar mikilvægt að mælivísarnir skoði mismunandi aðgengi einstakra viðkvæmra þjóðfélagshópa að heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi þarf að fá skýrari upplýsingar um aðgengi erlendra karla og kvenna að íslensku heilbrigðiskerfi. Sérstaklega á það við um aðgengi þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.<sup>32</sup>

Áhersla í heilbrigðismálum á bættu líðan þarf að fara saman við heilsuverndarhlutverk hverskonar heilbrigðisþjónustu, endurhæfingu jafnt og forvarnir. Við árangursmat lækninga er hægt að meta hvernig tekst til við að lengja líf og koma í veg fyrir frekari veikindi. Erfiðara er að meta hvernig heilbrigðisþjónustu og lækningum tekst til við að bæta líðan fólks. Þó að hefðbundið hlutverk lækninga felist í að lækna, líkna og lina þjáningar er almennt talað um að þrjár ástæður séu fyrir því að bjóða bjóða lækni­meðferð. Í fyrsta lagi miðar lækning að lengingu lífs, í öðru lagi að forvörnum og að koma í veg fyrir frekari veikindi og loks miða lækningar að bættri líðan - lífsgæðum.<sup>33</sup> Lífsgæði eru almennt talin ráðast af mörgum þáttum, þar sem gæði heilbrigðisþjónustu er aðeins einn af áhrifavöldunum.

### 3.2. Karlar og lífsgæði

Frá áttunda áratug tuttugustu aldar hefur viðfangsefnið *lífsgæði* verið til sérstakrar umfjöllunar innan félagsvísinda. Í einföldustu mynd má segja að lífsgæði séu ákvörðuð af heilsu, hamingju, menntun, möguleika til félags- og menningarlegs þroska, réttindum og möguleikum til þátttöku í samfélagi á grundvelli frelsis.

<sup>30</sup> Judith Lorber og, Lisa Jean Moore (2002). *Gender and the Social Construction of Illness*. AltaMira, Press Oxford.

<sup>31</sup> Velferðarráðuneytið (2012). *Félagsvísar. Fyrsta útgáfa, febrúar 2012*, [www.velferðarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/33234](http://www.velferðarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/33234)

<sup>32</sup> Í þessu sambandi má að benda á að í tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020, sem lögð var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013, er gert ráð fyrir rannsókn á aðgengi fólks af erlendum uppruna að velferðarþjónustu.

<sup>33</sup> Tómas Helgason ofl (2000). Heilsutengd lífsgæði Íslendinga *Lækna­blaðið*, 86, 251-257.

Gera má greinarmun á almennum lífsgæðum og heilsutengdum lífsgæðum. Heilsutengd lífsgæði afmarkast af ýmsum þeim atriðum sem tengjast heilsunni sjálfri, upplifun á henni, takmörkunum og mati á persónubundnum aðstæðum miðað við heilsufar, líðan og færni. Til almennra lífsgæða má hinsvegar telja ýmsar lífsnauðsynjar eins og næringu, húsnæði og tekjur sem og ýmsa huglæga þætti eins og vellíðan og hamingju. Í flestum skilgreiningum er heilsa talin stór þáttur lífsgæðanna en lífsgæði eins og lífsfylling, hamingja, vellíðan, ánægja og gildi lífs lýsa einnig hugtakinu. Þannig verða lífsgæði ekki skilgreind sem stöðugt ástand né sjálfsgagt takmark í sjálfu sér heldur hverfult markmið sem getur tekið breytingum eftir ástandi og aðstæðum.<sup>34</sup>

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir lífsgæði á þann hátt að þau taki tillit til mismunandi þarfa borgaranna og viðmiða innan samfélagsgerða. Þá verði lífsgæði ekki skilgreind án hliðsjónar af huglægum og hlutlægum aðstæðum einstaklinga og hópa.<sup>35</sup>

Að framangreindu er ljóst að lífsgæði geta vísað til mjög víðs sviðs. Sérstaðan í umfjöllun um lífsgæði í félagsvísindum felst í að aðgreina lífsgæði sérstaklega frá öðrum aðstæðum (e. living conditions). Til að draga upp skýrari mynd af skilgreiningu lífsgæða er gagnlegt að styðjast við eftirfarandi greiningarramma:<sup>36</sup>

- Hugmyndin um lífsgæði verður að byggja á áherslu á einstaklinginn sjálfan – þar sem lífsskilyrði liggja til grundvallar greiningar án þess að einblínt sé á efnahagslegar skýribreytur.
- Hugmyndin um lífsgæði verður að taka mið af fjölpættum ástæðum samtímis – þar sem fleiri þættir en atvinnutekjur og aðstæður (e. living conditions) liggja til grundvallar.
- Hugmyndin um lífsgæði byggist á viðurkenndu samspili huglægra og hlutlægra þátta – þar sem viðhorf fólks til möguleika sinna til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika hafa sérstakt vægi.

Frá árinu 2003 hefur Evrópustofnunin um bætt lífsskjör og vinnuaðstæður (e. European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions) mælt lífsgæði í löndum Evrópusambandsins. Stofnunin byggir á framangreindum greiningarramma og bætir því við að rannsóknir á lífsgæðum skuli taka mið af sex grundvallar áherslum; fjölskyldu- og heimilisaðstæðum, efnahagslegum aðstæðum, félagslegri þátttöku, heilsu og heilbrigðisþjónustu, þekkingu, menntun og starfsþjálfun og loks atvinnu.

Atvinnuþátttaka karla og kvenna er nokkuð jöfn en þó vinna karlar fleiri vinnustundir utan heimilis en konur. Meðalvinnutími karla utan heimilis á viku árið 2012 voru 43,9 vinnustundir en samsvarandi fjöldi vinnustunda kvenna utan heimilis voru 35,2 vinnustundir. Áhersla á atvinnu og styttingu vinnuvikunnar hefur verið áberandi í umræðu um tengsl lífsgæða og karlmennskuhugmynda á vettvangi norrænnar umræðu um jafnréttismál. Allsstaðar vinna karlar meira en konur utan heimilis og allstaðar eru karlar líklegri til þess að starfa við áhættusamari störf í samfélaginu. Umræðan snertir marga

<sup>34</sup> Kolbrún Albertsdóttir ofl. (2009). Lífsgæði og lífsgæðarannsóknir. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 4. tbl. 85. árg.

<sup>35</sup> Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (2003). <http://applications.emro.who.int/dsaf/dsa310.pdf>

<sup>36</sup> Fahey, T., Nolan, B., and Whelan, C. (2003). Monitoring quality of life in Europe, European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions.



þætti jafnréttisumræðunnar og verður ekki með góðu móti bundin við hlutlæga mælingu á vinnutíma. Kynjasjónarmið sem liggja til grundvallar allri löggjöf í jafnréttismálum horfir til þess að vinna þurfi á mörgum sviðum jafnréttis samtímis til að jafna hlut karla og kvenna í samfélaginu. Mikilvægi fjölþættrar nálgunar í umræðunni um tengsl vinnutíma, lífsgæða og jafnréttis sést ágætlega þegar kynskiptur vinnumarkaður er skoðaður og áhrif hefða sem viðhalda launamismunun kynjanna. Afleiðingar, bæði af kynskiptum vinnumarkaði og aukinni vinnu kvenna á heimilum, eru augljósar þegar horft er til þess að atvinnutekjur kvenna eru tæplega 70% af atvinnutekjum karla, þegar um er að ræða ógiftar konur og um 60% af atvinnutekjum karla þegar um er að ræða giftar konur.<sup>37</sup>

Á vinnufundum og í umræðum, starfshópsins um karla og jafnrétti, var nokkur áhersla lögð á tengslin milli lífsgæða og atvinnu. Sérstaklega var rætt um tengslin milli styttri vinnutíma, þ.e. fjölda vinnustunda í vinnuviku, tegundir þeirra starfa sem karlar starfa við og möguleika karla til jafnrar þátttöku bæði á heimili og í tengslum við uppeldi barna.

Styttri vinnutími snýr ekki einvörðungu að því að auka möguleika fólks til að samræma fjölskyldu og atvinnulíf. Stytting vinnuvikunnar snýr að mörgum grundvallar spurningum um íslenskan vinnumarkað og samfélagsgerð. Stytting vinnuvikunnar kallar á svör við spurningum um virði vinnunnar og virði þess tíma sem fólk vill eiga utan vinnu. Markviss þátttaka þeirra aðila í samfélaginu sem ákvarða lengd vinnuvikunnar er nauðsynleg til þess að fjallað verði um breyttar áherslur – styttri vinnuviku. Óháð því hvernig við svörum þessum spurningum er ljóst að styttri vinnuvika kann að hafa áhrif á möguleika karla og kvenna til að samræma vinnu og fjölskyldu og gefur fyrirheit um aukna möguleika karla til jafnari þátttöku á heimili og við uppeldi barna.

Umræður um tengsl vinnutíma við aukið jafnrétti og aukin lífsgæði vísa til skilgreininga, sem greint hefur verið frá hér að ofan, og segja að hugmyndir um lífsgæði byggist á samspili huglægra og hlutlægra þátta og möguleikum fólks til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika í samspili við þau einstaklingsbundnu lífsskilyrði sem hafa áhrif á heilsu og heilbrigði.

---

<sup>37</sup> Jafnréttisstofa (2013). *Konur og karlar 2013*, [www.jafnretti.is/D10/\\_Files/konur\\_og\\_karlar\\_2013.pdf](http://www.jafnretti.is/D10/_Files/konur_og_karlar_2013.pdf)

### 3.3. Tillögur: Karlar, heilsa og lífsgæði

Á grundvelli umræðu um karla, heilsu og lífsgæði þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð annarsvegar á tengsl milli heilsu og aðgengis að heilbrigðisþjónustu og hinsvegar tengslin milli lífsgæða, atvinnu og vinnutíma leggur starfshópur um karla og jafnrétti fram eftirfarandi tillögur um aðgerðir, rannsóknir og áherslur.

**Tillaga 9:** Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins verði stefnt að því að stytta vinnuvikuna. Almenn stytting vinnuvikunnar gæti haft margvísleg jákvæð áhrif á lífsgæði, heilsu og jafnrétti milli karla og kvenna.

**Tillaga 10:** Margt bendir til þess að karlmenn geti verið „fórnarlömb karlmennskuhugmynda“ sem rýri lífsgæði þeirra. Starfshópurinn leggur til að efnt verði til vitundarvakningar á breiðum grundvelli um þessi mál. Hér má benda á fyrirmyndir eins og *Mottumars* en sú aðferðafræði sem þar hefur verið beitt getur nýst víðar.

**Tillaga 11:** Kanna þarf hvort ákveðnir hópar karla fari á mis við þjónustu heilbrigðiskerfisins, ýmist vegna þess að þeir leita hennar ekki eða vegna þess að þjónustuna skorti. Huga þarf sérstaklega að samkynhneigðum körlum, eldri körlum og körlum af erlendum uppruna.

## 4. Karlar, klám og vændiskaup

---

Meginviðfangsefni gagnrýnnar umræðu um klám og vændi felst í að leita svara við því hvernig afstaða valds milli karla og kvenna birtist í klámefni og gera grein fyrir því hvernig aðstæður þeirra sem stunda vændi er hægt að skýra með hliðsjón af kynjasjónarmiðum. Tengslin milli kynjajafnréttis, kláms og vændis hafa verið til umræðu í marga áratugi. Áhrif kyns í allri þessari umræðu eru talin augljós. Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem nota klám og karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem kaupa vændi. Konur eru aftur í meirihluta þeirra sem sjást í klámi og þeirra sem stunda vændi.

Umfjöllun kynjafræðinnar um kynlífsiðnað (e. sex industry) eða „viðskipti með kynlíf“ felur oftast í sér gagnrýni innan fjölda sviða þar sem slík viðskipti eru talin fara fram. Dæmi um svið greiningar eru; klám, vændi, mansal, súludansstaðir og auglýsingar þar sem líkami kvenna er notaður sem söluvara. Starfshópurinn ákvað í upphafi vinnu sinnar að leggja áherslu á klám og vændi þótt ljóst væri að ekki yrði fjallað um allar hliðar kynlífsiðnaðarins. Þess í stað var ætlunin að greina hvernig klám og vændi horfir við körlum á Íslandi almennt og spyrja hvort þátttaka karla í umræðunni og áhersla á þá geti hjálpað við að skýra stöðu þessara sviða og jafnréttismála. Með því verður ekki litið framhjá því að mikil skörun er milli ólíkra sviða kynlífsiðnaðar – umfjöllun um þá skörun rúmast ekki nema að litlu leyti í þessari skýrslu.

Óhætt er að segja að klám og vændi hafi þótt nokkuð erfið viðfangsefni bæði í almennri umræðu og í umræðu á vettvangi stjórn mála. Ástæður þess kunna að vera margþættar þó viss einkenni umræðunnar geti veitt skýringar. Þannig hafa spurningar um *frelsi* verið áberandi í mismunandi samhengi umræðunnar. Frelsishugtakið er notað bæði til að réttlæta takmarkað eða aukið aðgengi að klámi og sem rök með og á móti banni við sölu á vændi. Í umræðum starfshópsins var ákveðið að ræða málefnið ekki á þeim forsendum, heldur horfa frekar á stöðu karla innan málaflokkanna og spyrja hvernig rannsóknir, upplýsingar og umræða með þátttöku karla geti orðið til að varpa ljósi á umræðuna um klám og vændi.

### 4.1. Klám, formleg skilgreining og lagaleg

Skilgreining á klámi og umfjöllun um klámvæðingu hefur verið tilefni ágreinings. Í íslenskrri orðabók segir að hugtakið klám vísi til málfars, myndar eða annars sem beinir athyglinni að kynlífi eða kynfærum að nauðsynjalausu í listrænu samhengi, fræðslu e.þ.h.. Lögræðileg skilgreining vísar hinsvegar til þess að klám sé refsiverður verknaður fólgin í lostugri lýsingu á kynfærum, kynferðislegum stellingum, athöfnum eða hugsunum og varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi.<sup>38</sup> Í þessu sambandi er áhugavert að í íslenskum lögum er ekki að frekari skilgreiningu á klámi. Þó segir í 210 gr. hegningarlaga: „Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum ... eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.“

---

<sup>38</sup> Íslensk alfræðiorðabókin, vefútgáfa frá árinu 2011

Í ljósi þess að ekki er að finna formlega skilgreiningu eða orðskýringu í lögum má horfa til þess hvernig hugtakið hefur verið skilgreint í dómaframkvæmd. Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 14. júlí 2000 er að finna lýsingu á efni sem lögregla gerði upptækt í tengslum við rannsókn á dreifingu klámefnis. Þar segir: *Lögð er áhersla á að sýna kynfæri karla og kvenna, kynmök um leggöng og endaparm, munnmök, sjálfsróun og fjöldakynmök, allt á ögrandi hátt [...] Listræn eða bókmenntaleg tjáning ástar var ekki sýnileg í þeim myndskeiðum sem skoðuð voru.*

Þó að til séu dómur sem fjalla um brot á lögum um dreifingu kláms er óhætt að fullyrða að bannið hafi ekki áhrif á útbreiðslu eða dreifingu. Þannig hefur klám orðið sífellt meira áberandi í dægurmenningu og félagslegum veruleika drengja og karla síðustu ár. Notkun og útbreiðsla á klámi hefur aukist umtalsvert samhliða aukinni netnotkun. Þessi þróun hefur átt sér stað samtímis og afstaða löggjafans til kláms bendir til þess að klám hafi ekki forgang í réttarvörsluferfinu.

#### 4.2. Útbreiðsla, og áhrif ólíkrar notkunar kláms

Á ráðstefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins *Æskan, rödd framtíðar*, sem haldin var í tengslum við formennskuár Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009, var greint frá niðurstöðum úr samanburðarrannsókn á högum, líðan og lífsstíl meðal norrænna ungmenna, 16-19 ára. Í niðurstöðuskýrslu rannsóknarinnar kemur fram að drengir á aldrinum 16-19 ára nota klám mun meira en stelpur á sama aldri. Ennfremur kemur í ljós að íslenskir drengir nota klám meira en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum. Aðeins 24,1% drengja á þessum aldri segjast aldrei, eða nær aldrei nota klám á meðan 92,6% stúlkna segjast aldrei, eða nær aldrei nota klám. Alls 75,9% drengja segjast hinsvegar nota klám daglega, nokkrum sinnum í viku eða vikulaga.

Í rannsókninni *Unge, køn og pornografi i Norden* sem unnin var að tilstuðlan Norrænu ráðherranefndarinnar á árunum árið 2004-2006 var leitað svara við því hvaða áhrif notkun klámefnis hefur á viðhorf drengja og stúlkna á Norðurlöndum. Niðurstöður sýna að strákar hafa annarskonar reyngu af klámefni en stúlkur. Þeir reyna heldur að nálgast klám sjálfir en stelpur sjá klám frekar vegna þess að aðrir eru að horfa á það. Þá hafa drengir almennt séð fleiri tegundir kláms en stúlkur og eru líklegri til þess að ræða um klám við vini og kunningja. Af svörum ungmennanna má ráða að strákar telji klám vera eðlilegri hluti tilveru sinnar en stúlkur. Þegar ungmenni eru beðin um að lýsa hvernig konur og karlar koma þeim fyrir sjónir í klámefni er samsvörun í svörum kynjanna. Bæði telja karla vera gerendur um leið og segja að áherslan sé sjaldnast á líkama karla. Kvenlíkaminn er í meira mæli viðfangsefni klámsins um leið og konur leika „aukahlutverk í aðalhlutverkum“ og hafa lítið að segja um framvindu.<sup>39</sup>

Þó að viðhorf ungmennanna í rannsókninni *Unge, køn og pornografi i Norden* gefi ekki tilefni til almennra ályktanna um viðhorf íslenskra ungmenna til kláms, koma lýsingar þar heim og saman við kenningar í kynjafræði sem telja klám fyrst og fremst framleitt á forsendum karla og fyrir karla. Flestir femínískir fræðimenn eru sammála um að

<sup>39</sup> [www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2006-749/at\\_download/publicationfile](http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2006-749/at_download/publicationfile)

valdahlutföll milli kynjanna í gagnkynhneigðu klámi séu ójöfn og að klám sýni valdastöðu þar sem karlmenn hafa völd yfir konum.<sup>40</sup>

Velferðarráðuneytið í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og að frumkvæði innanríkisráðuneytis stóð fyrir samráðsferli um klám á haustdögum 2012. Þar var fjallað um klám út frá heilsufarslegu, lagalegu og samfélagslegu sjónarhorni í því augnamiði að meta og ræða hlutverk stjórnvalda varðandi klám. Í minnisblaði til ráðherra þessara þriggja ráðuneyta, frá þeim aðilum sem stýrðu samráðinu, koma fram ábendingar um ýmsar aðgerðir. Meðal ábendinga til velferðarráðherra eru tillögur að aðgerðum til að efla umræðu um klám og starfshópurinn beinir því til ráðherra að könnuð verði heilsufarsleg áhrif kláms, sérstaklega með tilliti til kynheilbrigðis. Ennfremur er því beint til velferðarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis að vinna að heildstæðri áætlun um fræðslu um klám, klámvæðingu og kynheilbrigði. Á vinnufundum starfshópsins komu fram eindregnar vísbendingar um að þörf væri á slíkri áætlun, sér í lagi ef hún gæti orðið til þess að efla rannsóknir á sviðinu og auka umræðu um klám og klámvæðingu á Íslandi.

### 4.3. Vændi á Íslandi

Umræða um vændi á Íslandi breyttist nokkuð eftir að nektarstöðum fjölgaði uppúr 1995, en orðrómur hefur lengi verið um að vændi tengist starfsemi staðanna. Í viðtali Bjarkar Eiðsdóttur blaðakonu, við fyrrum starfskonu nektardansstaðar, fullyrta viðmælandi hennar að vændi ætti sér stað og væri stundað með vitund og þrýstingi frá eigendum staðarins. Þrátt fyrir slíkar fullyrðingar og þrálátan orðróm, um vændi á nektarstöðum, virðist sambandið á milli vændis og nektarstaða hafa hlotið litla athygli stjórnvalda og lögreglu.

Árið 2000 óskaði þáverandi dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, eftir því að rannsókn yrði unnin á vændi og félagslegu umhverfi þess á Íslandi. Rannsóknin markaði nokkur tímamót í umræðu um vændi. Rannsóknarstofnunin *Rannsókn & greining* skilaði áfangaskýrslu til ráðherra árið 2001.<sup>41</sup> Í henni er ekki aðeins brugðið ljósi á aðstæður sem leiða einstaklinga út í vændi heldur einnig veitt innsýn í þá andlegu vanlíðan sem fylgir vændi. Megin markmið rannsóknarinnar var að svara því hvort vændi fyrirfyndist á Íslandi og ef svo í hvaða mynd það birtist. Niðurstöðurnar voru ótvíræðar: Vændi fyrirfannst á Íslandi, sérstaklega meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu og í tengslum við starfsemi nektardansstaða. Sýnt var fram á að á Íslandi fyrirfinnst bæði svokallað *götuvændi* og *innan hússvændi*. Götuvændi er í meira mæli tengt fíkniefnaneyslu en innan hússvændi tengist nektarstöðum eða jafnvel auglýsingum í dagblöðum.

Það sama á við um vændi og önnur félagsleg fyrirbæri. Það er erfitt að fullyrða um eðli vændis á Íslandi þegar haldbærar upplýsingar og rannsóknir skortir. Það kann að vera að vændi á Íslandi sé afar vel skipulagt og tengist bæði alþjóðlegri glæpastarfsemi og mansali. Hinsvegar virðast sannanir á þessum tengslum oft veikbyggðar og byggjast fremur á getgátum en niðurstöðum rannsókna. Þrátt fyrir þennan skort á rannsóknum er ekki óalgengt að tengslin milli vændis og skipulagðrar glæpa séu rædd á mjög

<sup>40</sup> Í þessu sambandi mætti benda á skrif fjölmargra fræðimanna – sjá t.d. ítarlega samantekt á: <http://plato.stanford.edu/entries/feminist-sex-markets/>

<sup>41</sup> [www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Vandi\\_a\\_islandi.pdf](http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Vandi_a_islandi.pdf)

afráttarlausan hátt. Þannig kemst greiningardeild ríkislögreglustjóra að orði skýrslunni *Mat ríkislögreglustjóra á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi*, (bls. 4):

Vísbendingar eru um að erlendir aðilar komi í auknum mæli að skipulögðu vændi á Íslandi. Grunur leikur á að sú starfsemi tengist mansalshringjum, einkum í Austur-Evrópu. Víst þykir að íslenskir ríkisborgarar búsettir hér á landi, eigi samstarf við erlenda aðila á þessu sviði skipulagðrar glæpastarfsemi. [...] Mansal eða verslun með fólk er þekkt fyrirbæri um allan heim og er talin vera sú glæpastarfsemi, sem er í hvað örustum vexti nú um stundir. Grunur um mansal á Íslandi hefur löngum verið tengdur nektardansstöðum og vændi.<sup>42</sup>

Að tengja vændi og mansal, líkt og greiningardeildin gerir, er ekki óalgengt. Margir fræðimenn telja skilgreiningu vændis órjúfanlega tengda mansalshugtakinu. Þar sem vændi feli ávallt í sér neyð eða þvingun og það að selja aðgang að líkama sínum sé ekki gert af einstaklingum sem taka ákvarðanir sem byggjast á frjálsu vali.<sup>43</sup> Mikilvæg rannsókn á mansali á Íslandi var unnin af Fríðu Rós Valdimarsdóttur (2009), fyrir Rauða Kross Íslands og Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum. Niðurstöður sýna að mansal er staðreynd á Íslandi og birtist með margvíslegum hætti. Þá staðfesti frásögn erlendra sérfræðinga að mansal á Íslandi tengist vændi.<sup>44</sup>

Nokkur grunnur var lagður að rannsóknnum á vændi á Íslandi með þeirri vinnu sem hófst um síðustu aldamót en ekki hefur tekist að byggja á þeim grunni með frekari greiningu eða fjármagni til rannsókna á vændi. Í Norrænu rannsókninni *Prostitution i Norden* er sérstaklega vakin athygli á því hversu lítið er um rannsóknir á umfangi vændis á Íslandi.<sup>45</sup> Á árunum 2003 til 2007 fóru ekki fram neinar rannsóknir á viðhorfum til vændis. En árið 2007 voru 70% Íslendinga sammála því að kaup á vændi ættu að vera refsiverð.

#### 4.4. Löggjöfin og karlar sem vændiskaupendur

Árið 2009 var lögfest ákvæði í hegningarlögum um refsineymi þess að kaupa vændi á Íslandi. Lögin fólu í sér þá breytingu að hver sá sem greiðir eða heitir greiðslu fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Þessi leið var fyrst farin í Svíþjóð árið 1999 með lögum nr. 408/1998, (sæ. om förbud mot köp af sexuella tjänster). Almenn er talað um „sænsku leiðina“ þegar rætt er um lög um sölu og kaup á vændi á Íslandi. Árið 2008, var sænska leiðin einnig lögfest í Noregi með lögum nr. 104/2008, (n. om endringer i straffeloven 1902 og straffeprosessloven - kriminalisering av kjøp av seksuell omgang eller handling mv.).

Afleiðingar sænsku leiðarinnar í Svíþjóð hafa meðal annars verið þær að götuvændi hefur minnkað um rúmlega helming. Þá segir í rannsókn sem framkvæmd var af sænska félagsmálaráðuneytinu að sænska leiðin hafi orðið til þess að minnka eftirspurn karla

<sup>42</sup> [www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir/skyrsla\\_um\\_opinbert\\_hattumat.pdf](http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir/skyrsla_um_opinbert_hattumat.pdf)

<sup>43</sup> Agustin, L. (2007). *Sex at the Margins: Migration, Labour Markets and the Rescue Industry*. London: Zed Books.

<sup>44</sup> Fríða Rós Valdimarsdóttir (2009). *Líka á Íslandi: Rannsókn á eðli og umfangi mansals*, Rauði Kross Íslands, [www.jafnretti.is/D10/\\_Files/mansalsskyrsla.pdf](http://www.jafnretti.is/D10/_Files/mansalsskyrsla.pdf)

<sup>45</sup> *Prostitution i Norden – Forskningsrapport* (2008). TemaNord 2008:604, [www.norden.org/no/publikasjoner/publikasjoner/2008-604](http://www.norden.org/no/publikasjoner/publikasjoner/2008-604)

eftir vændi. Sérstaklega er athyglivert að viðhorf ungra karla til vændis hefur breyst mikið. Sífellt fleiri þeirra hafa neikvæða afstöðu til vændis og færri ungir karlar segjast munu leita eftir vændiskaupum.<sup>46</sup> Afleiðingar lagabreytinganna um kaup og sölu á vændi í Noregi hafa ekki verið nægjanlega rannsakaðar. Þá hafa ekki farið fram rannsóknir á áhrifum banns við kaupum á vændi á Íslandi.

Þegar talað var fyrir lagabreytingunni á Íslandi var málið kynnt sem liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali sem samþykkt hafði verið sama ár. Þannig sagði Ásta R. Jóhannesdóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, í umræðu um bann við kaupum á vændi: „[það] er oftast sprottið af sárrí neyð og jafnvel beinni nauðung. Því er fráleitt að gera þolendum ábyrgja fyrir vændi en rétt að draga til ábyrgðar þá sem nýta sér neyð annarra í kynferðislegum tilgangi.“ Í löggjöfinni er því gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunurinn milli þeirra afgerandi.

Í nýlegri rannsókn Katrínar Rutar Bessadóttur er sjónum beint að körlum sem kaupa vændi.<sup>47</sup> Þar segir frá því hvernig umræða um vændi á Íslandi hefur lagt áherslu á vændiskonur en ekki vændiskaupendur. Í rannsóknnum, bæði héraðs og erlendis, er mikil áhersla lögð á ástæður þess að konur stunda vændi, formgerð þess umhverfis sem vændi fer fram í og félagslegar aðstæður vændiskvænna.<sup>48</sup> Það verður hinsvegar að horfa til þess að vændi er hluti af kynlífsiðnaði, þar sem umræðan um klám, vændi og mansal skarast. Viðskipti í þessum iðnaði eiga sér fyrst og fremst stað vegna eftirspurnar karla. Því geta rannsóknir á vændi ekki horft fram hjá ábyrgð karla. Rannsóknir sem gera það gefa ekki skýra mynd af sviðinu.

---

<sup>46</sup> Förbud mot köp av sexuell tjänst: En utvärdering 1999–2008 SOU 2010/49, [www.regeringen.se/content/1/c6/14/91/42/ed1c91ad.pdf](http://www.regeringen.se/content/1/c6/14/91/42/ed1c91ad.pdf)

<sup>47</sup> Katrín Rut Bessadóttir (2013). „*Dettur engum í hug, að eitthvað sé athugavert við þá?*“: *Um vændi og vændiskaupendur*, Óbirt BA – ritgerð: Háskóli Íslands, Félagss- og mannvísindadeild.

<sup>48</sup> Farley, M. o.fl. (2011). *Comparing Sex Buyers with Men Who Don't Buy Sex*, Fyrirlestur, Psychologists for Social Responsibility Annual Meeting, júlí 2011, Boston, MA., [www.prostitutionresearch.com/pdfs/Farleyetal2011ComparingSexBuyers.pdf](http://www.prostitutionresearch.com/pdfs/Farleyetal2011ComparingSexBuyers.pdf)

#### 4.5. Tillögur: Karlar, klám og vændiskaup

Til að ræða klám og áhrif klámvæðingar þarf að bera niður á mörgum sviðum samfélagsins samtímis. Það þarf að gera grein fyrir sjónarmiðum jafnréttis sem endurspeglast í ólíkri afstöðu karla og kvenna til kláms. Það þarf að ræða útbreiðslu og notkun á klámi og svara því hversu algengt klám er. Það þarf að ræða áhrif sem klám og klámvæðing hefur, bæði á þá sem taka þátt í framleiðslu klámefnis og áhrif á þá sem nota klám – viðhorf þeirra og hugmyndir. Þá verður að líta til þeirrar umræðu sem fram fer milli þeirra sem aðhyllast gagnrýna afstöðu til kláms og telja það skaðlegt og þeirra sem telja klám ekki vera skaðlegt.

Í vinnu starfshópsins var sérstök áhersla lögð á þátttöku karla í umræðu um klám. Starfshópurinn fagnar því frumkvæði sem innanríkisráðuneyti hafði um samráðsferli um klám, á haustdögum 2012, og tekur undir ábendingar til velferðarráðherra um mikilvægi þess að efla umræðu um klám. Sérstaklega tekur starfshópurinn undir tillögur um að könnuð verði heilsufarsleg áhrif kláms, með tilliti til kynheilbrigðis.

Mikilvægt er að horft sé til ábyrgðar karla í umræðunni um vændi. Í vinnu starfshópsins kom fram afdráttarlaus vilji til að varpa skýrara ljósi á vændiskaupendur – karla sem kaupa vændi. Rannsóknir á körlum sem kaupa vændi geta orðið grundvöllur umræðu um ábyrgð karla á þessu sviði jafnréttisumræðunnar.

Starfshópur um karla og jafnrétti leggur fram eftirfarandi tillögur um aðgerðir, rannsóknir og áherslur:

**Tillaga 12:** Starfshópurinn telur að tryggja verði að klám, áhrif kláms og klámvæðing séu til umræðu í samfélaginu. Rannsóknir á klámi og áhrifum kláms eru mikilvægar til að tryggja að umræða byggist á faglegum grunni.

**Tillaga 13:** Starfshópurinn leggur til að íslenskar rannsóknir á vændi verði stórefldar. Í rannsóknum þarf sérstaklega að varpa ljósi á vændiskaupendur – karla sem kaupa vændi.



## 5. Karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður

---

Miklar breytingar hafa orðið á stöðu kynjanna síðustu áratugi og smám saman hefur dregið úr því kynjamisrétti sem viðgengist hefur. Segja má að samfélagið hafi verið í nokkuð stöðugri þróun í átt til meira jafnréttis. Með tíð og tíma hafa konur í auknu mæli gengið inni störf á sviðum sem áður heyrðu alfarið undir karlmenn. Þá hafa karlar að sama skapi látið til sín taka á sviðum sem konur sinntu nær eingöngu. Karlar sinna því oftast störfum sem áður töldust *kvennastörf*, þó ekki í sama mæli og konur sem sinna oftast þeim sem áður töldust *karlastörf*. Mikilvægt er að finna leiðir til að stuðla frekar að þessari þróun og vinna þannig að markmiðum jafnréttislaga um að einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni og staðalmyndum.

Ýmislegt hefur staðið í vegi fyrir þróun í átt til jafnréttis. Benda má á að völd karla og fjölbreytt tækifæri þeirra til þess að móta samfélagið út frá hagsmunum sínum ráði miklu um hvernig miðar. Mótun karla og kvenna út frá menningu, umhverfi og tíma hefur áhrif á jafnrétti. Rótgrónar hugmyndir um hvað telst *eðlilegt*, hvað telst vera kvenlegt og karlmannlegt, eru þröskuldur framfara. Markviss vinna að jafnrétti verður að ræða þessar hugmyndir og fjalla um ástæður þess að eitthvað teljist henta öðru kyninu betur en hinu. Hvergi er mikilvægara að taka þessar hugmyndir til skoðunar en á sviðum menntunar og vinnumarkaðar. Hugmyndir um kvennastörf og karlastörf hafa veruleg áhrif á náms- og starfsval, bæði karla og kvenna.

Tengslin milli vinnumarkaðar, menntunar og jafnréttis eru flókin. Ljóst er að margir bera ábyrgð á því að vinna gegn staðalmyndum og vinna að auknu jafnrétti kvenna og karla. Samkvæmt jafnréttislögum ber atvinnurekendum og stéttarfélögum skylda til að vinna gegn kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að störf flokkist ekki í kvenna og karlastörf. Einnig kveða lögin á um skyldur skóla til að veita jafnréttisfræðslu og ábyrgð þeirra á að huga að kynjasjónarmiðum í allri starfsemi sinni. Samspiliðið milli jafnréttis og kynskipts vinnumarkaðar snýr þannig bæði að vinnumarkaði og menntakerfinu.

### 5.1. Kynin og menntun

Síðustu ár hefur nokkuð borið á umræðu um slæma stöðu drengja í skólum. Reykjavíkurborg birti nýverið niðurstöður rannsóknar sem vöktu nokkra athygli. Starfshópur, skipaður til að leggja mat á mismunandi námsárangur drengja og stúlkna í skólum Reykjavíkur, komst að þeirri niðurstöðu að munur var á námsárangri kynjanna í nokkrum fögum. Sérstaklega átti það við um árangur í lestri og íslensku. Starfshópurinn bendir á að mikilvægt sé finna leiðir til að bæta námsárangur drengja án þess að draga úr hraða annarra drengja eða stúlkna. Meðal niðurstaðna rannsóknarinnar var mikill munur á þörf kynjanna fyrir sérkennslu og lagt er til að kannað verði hvort „*þroskafræðilegur munur á drengjum og stúlkum geti mögulega haft áhrif á skipulag náms og kennslu*“ (bls. 4).<sup>49</sup>

Í bókinni *Karlmennska og jafnréttisuppeldi* gerir Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) grein fyrir niðurstöðum viðtalsrannsóknar þar sem m.a. er spurt um mun á vinnubrögðum

---

<sup>49</sup> Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar (2011). *Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja*.

og hegðun drengja og stúlkna.<sup>50</sup> Niðurstöður sýna að stúlkur eru vandvirkari og samviskusamari en drengir en þeir spyrja meira og eiga til að vera órólegri. Stúlkur geta frekar einbeitt sér og sýna meiri vandvirkni en drengir. Ingólfur leggur til að hvetja þurfi stúlkur til meira sjálfstæðis en sýna þurfi drengjum meiri stuðning varðandi vandvirkari vinnubrögð.<sup>51</sup>

Ingólfur Ásgeir gerir grein fyrir *orðræðu* um drengi í skólum og varar við því að alhæfa um slakan árangur þeirra. Alhæfingar stuðla að því að fólk trúir því að eðlilegt sé að strákar fái lægri einkunnir en stúlkur. Ingólfur ræðir einnig að hætta sé fólgin í styðjast við mælingar á námsárangri og draga ályktanir um ýmsa þá þætti sem ekki eru mældir. Þá ber að horfa til þess að í umræðu um stöðu drengja og stúlkna í skólum að *árangur* sé ekki takmörkuð auðlind, þar sem góður árangur stúlkna komi niður á möguleikum og árangri stráka.

Í vinnu starfshópsins var nokkuð rætt um stöðu drengja í skóla. Þótt umræðan hafi ekki miðað að því að leggja fram tillögur um aðgerðir eða rannsóknir á drengjum í grunnskólum þá tengist hún mjög náið þeirri mynd sem þegar hefur verið lýst: Hvernig skilaboð drengir fá um það hvernig þeir eiga að hegða sér í skóla og hvað teljist eðlilegt að þeir geri. Þótt hugtakið orðræða kunni að vera óhlutbundið og ekki alltaf heppilegt í almennri umræðu, þá er greining orðræðu mikilvæg til þess að skilja hvernig drengir og stúlkur hugsa um hluti, aðstæður sínar og möguleika. Hugmyndir um það hvað telst eðlilegt, satt og rétt tengist því vali sem einstaklingar standa frammi fyrir þegar námsleiðir eru valdar og þar af leiðandi þau störf sem námið leiðir til. Því er áhugavert að skoða hvernig mismundandi áherslur karla og kvenna skila sér í vali á námsleiðum.

Alls stunda 27.216 konur nám í framhaldsskólum og háskólum á móti 21.507 körlum. Konur eru 56% nemenda á öllum skólastigum ofan grunnskóla en hlutur karla er 44%. Þegar skipting kynja er skoðuð eftir skólastigum samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 kemur í ljós að karlar eru 48% nemenda á framhaldsskólastigi, 62% nemenda á viðbótarstigi, 38% nemenda á háskólastigi og 37% nemenda á doktorsstigi. Það vekur athygli að einungis á viðbótarstigi eru karlar fleiri en konur meðal nemenda. Viðbótarstig er á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs en á þessu stigi má finna margvíslegt starfsnám, s.s. meistaranám löggiltra iðngreina, iðnfræði, leiðsögunám, ferðafræðinám, 4. stig vélstjórnar og margmiðlun.

Þegar tölur um skráningar í námsbrautir eru skoðaðar árið 2011 sést nokkur munur á körlum og konum. Félagsfræðibraut er fjölmennasta einstaka námsbrautin á framhaldsskólastigi. Á þeirri námsbraut eru skráðir 5.494 nemendur af þeim eru 40% karlar og 60% konur. Á náttúrufræðibraut, sem er næst fjölmennasta námsbrautin kemur í ljós að hlutfall kynja er nær jafnt, þar sem karlar eru 51% nema og konur eru 49% nemenda. Í greinum eins og bifvélavirkjun eru karlar í miklum meirihluta, árið 2011 voru

<sup>50</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og Jafnréttisuppeldi*. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum. Reykjavík.

<sup>51</sup> Guðný Guðbjörnsdóttir (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kyngervi við stjórnun menntastofnanna. *Uppeldi og menntun* 10:9-43. Guðný byggir á Foucault og skilgreinir orðræðu sem: „...stofnanabundin orðanotkun fræðigreina, stjórnmála og menningar, það sem hægt er að segja frá eða tala um á ákveðnu augnabliki: viðurkennda þekkingu eða sannleika sem orðið hefur til í samskiptum ákveðinna félagslegra aflu“

132 karlar skráðir en aðeins 12 konur. Nemar í hársnyrtiðn voru í miklum meirihluta konur, 225 á móti 14 körlum.

Í tölum frá Hagstofu Íslands sést að í háskóla eru karlar í meirihluta í greinum eins og stærðfræði og tölfraði (66%), tækni- og verkfræði (72%) og tölvunarfræði (85%). Konur eru hinsvegar í miklum meirihluta í greinum á sviðum félagsþjónustu (93%), heilbrigðis (85%), kennaranámi og menntunarfræðum (80%).

Frá árinu 1990 til 2010 hafa árlega að meðaltali 460 konur umfram karla verið brautskráðar með stúdentspróf. Þessi munur hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og skólaárið 2009-2010 voru 513 konur brautskráðar umfram karla. Þegar litið er til hærri menntunarstiga kemur í einnig í ljós nokkur munur á kynjunum. Frá árinu 1995 til ársins 2010 hafa konur að meðaltali verið um 65% allra brautskráðra nemenda á háskóla- og doktorsstigi. Skólaárið 2009-2010 útskrifuðust 1.366 karlar (33%) á háskólastig en 2.741konur (67%).<sup>52</sup>

Tölur Hagstofu Íslands um brottfall úr framhaldsskóla sýna nokkurn mun á hlutfalli karla og kvenna sem innrituðust í framhaldsskólanám árið 2003 og höfðu ekki lokið námi fjórum árum síðar, þar sem 34% karla voru brottfallnir en 25% kvenna. Athygli vekur einnig munur á brautskráningu kynjanna. Fjórum árum eftir innritun árið 2003 hafa 52% kvenna verið brautskráðar en aðeins 36% karla. Þegar brautskráning sjö árum eftir innritun er skoðuð kemur í ljós að 68% kvenna hafa brautskráðst en aðeins 55% karla. Athygli vekur að brottfall karla úr verk- og starfsnámi er 38% fjórum árum eftir innritun, en 33% í almennu bóknámi.

Samkvæmt niðurstöðum *Education at a Glance 2011*, rannsóknar sem OECD stóð að, höfðu 70% Íslendinga á aldrinum 25-25 ára framhaldskólamenntun árið 2009, samanborið við 90% Finna og 83% íbúa ríkja innan ESB. Hinsvegar verður að hafa í huga að samkvæmt sömu rannsókn voru 84% Íslendinga á aldrinum 15 til 19 ára í skóla árið 2009 og er það herra hlutfall en meðaltal allra OECD landa sem var 82%. Því gefa tölur um skólasókn tilefni til bjartsýni.<sup>53</sup> Eins verður að hafa í huga að íslendingar sækja nám í framhaldsskólum á lengra aldurbili en margar aðrar þjóðir.

Ástæður brottfalls er ferli margra samverkandi ástæðna. Í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjónu Stellu Blöndal (2002) kemur fram að helstu ástæður sem fólk gefur vegna brottfalls voru slæmur námsárangur, námsleiði, það að sjá ekki tilgang með námi og að nám sé ekki nauðsynlegt fyrir væntanlegan starfsvettvang. Ein ástæða er sú að einstaklingum býðst gott starf á námstímanum.<sup>54</sup> Í rannsókninni er brottfall þeirra sem fæddir eru 1975 skoðað. Niðurstöður sýna að 38% kvenna og 48% karla hafði ekki lokið lokaprófi úr framhaldsskóla við 24 ára aldur. Niðurstöður úr launarannsóknnum Hagstofu Íslands sýna að karlar sem eingöngu hafa grunnskólapróf hafa umtalsvert hærri heildartekjur fyrir störf í fullri vinnu en konur sem eingöngu hafa grunnskólapróf. Það

<sup>52</sup> Hagstofa Íslands (2012). Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2011

<sup>53</sup> Education at a Glance 2011 OECD indicators, [www.oecd.org/edu/skills-beyond-school/48631582.pdf](http://www.oecd.org/edu/skills-beyond-school/48631582.pdf)

<sup>54</sup> Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu 75 árgangsins til náms*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

vekur upp spurningar um hvort karlar hafi meiri hvata til þess að hætta námi og fara út á vinnumarkað.

Rannsóknir á brottfalli úr námi hér á landi hafa einkum beinst að framhaldsskólastiginu en brottfall úr námi á háskólastigi hefur lítið verið rannsakað. Brottfall á framhaldsskólastigi er kynjað og virðast sem strákar hverfi frekar frá námi en stelpur. Bent hefur verið á miðstýring á námskrám hafi gefið skólum og kennurum of lítið svigrúm til að móta skólastarfið og því aukið hættuna á brottfalli og leiða hjá nemendum. Í nýrri Aðalnámskrá er lögð ríkari áhersla en áður á að virkja frekari náms- og starfsráðgjöf svo að nemendur séu betur færir um að velja nám sem þeir sjá sér hag í að klára.<sup>55</sup> Þessar breytingar gætu haft áhrif til þess að minnka brottfall. Því er mikilvægt að fylgjast með þróuninni næstu ár til að tryggja að bæði kynin finni námsmarkmiðum sínum farveg í íslensku menntakerfi. Sérstaklega þarf að skoða tengslin á milli námsvals, brotthvarfs úr námi á framhaldsskólastigi og áhrifa á innritun karla í háskóla.

## 5.2. Kynin og vinnumarkaður

Talað er um að kynjaskipting vinnumarkaðar sé annarsvegar lárétt og hinsvegar lóðrétt. Lárétt kynjaskipting vísar til þess að konur og karlar gegna ólíkum störfum í þjóðfélaginu. Lóðrétt kynjaskipting vísar til þess að innan sömu starfa eru karlar oftast staðsettir ofar í valdapýramídanum en konur.<sup>56</sup> Í vinnu starfshópsins var áhersla lögð á umræðu um lárétta kynjaskiptingu. Sérstaklega var fjallað um stöðu karla á vinnumarkaði og leiðir til þess að vekja áhuga þeirra á störfum á sviðum umönnunar.

Þrátt fyrir miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði síðustu ár er ennþá mikill munur á fjölda karla og kvenna innan einstakra starfsstétta. Nokkur dæmi um slíkan mun er að sjá í tölum Hagstofu Íslands sem sýna að árið 2012 starfa 16.800 karlar sem iðnaðarmenn en einungis 2.400 konur. Karlar eru 10.600 þeirra sem starfa sem stjórnendur og embættismenn en konur einungis 6.600, þá starfa 6.300 karlar sem bændur og fiskimenn en aðeins 1.200 konur. Konur eru fjölmennari í ýmsum starfsstéttum. Þær eru 22.600 þeirra sem starfa sem þjónustu- og verslunarfólk en karlar einungis 13.400, konur eru 6.000 meðal þeirra sem starfa sem skrifstofufólk en karlar aðeins 1.600. Þó að þessar tölur sýni að hlutföllin geti verið mjög ólík innan starfsstétta þá er munurinn ennþá meira afgerandi þegar skoðaðar eru tölur fyrir einstakar starfsgreinar. Til að mynda störfuðu 5.515 manns á leikskólum árið 2011, af þeim voru konur alls 5.221 og karlar aðeins 295. Sama staða er uppi í öðrum starfsgreinum. Í Heilbrigðis- og félagsþjónustu eru, árið 2008, 4.200 karlar starfandi á sama tíma og fjöldi kvenna er 23.000. Sama ár störfuðu 4.300 manns við fiskveiðar, þar af voru 3.900 karlar og 400 konur.

Ísland hefur lengi verið meðal þeirra landa, innan OECD, sem hefur haft hvað mesta atvinnuþátttöku. Árið 2012 var atvinnuþátttaka íslenskra kvenna 77,7%, og karla 83,1%. Þrátt fyrir að þátttaka kvenna sé aðeins minni en karla er nokkuð jöfn þátttaka í flestum aldurshópum. Mestur munur er hjá eldra fólki en minnstur munur hjá þeim sem yngri eru.

<sup>55</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

<sup>56</sup> Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1990). *Kvinnjobb – mansjobb. Diskussion kring teorier om könsarbetsdelningen och dess betydelse för kvinnor*. Skýrta.Sociologiska institutionen, Lunds Universitet.

Þótt atvinnuþátttaka sé nokkuð jöfn er vert að geta þess að karlar vinna fleiri vinnustundir utan heimilis en konur. Meðalvinnutími karla á viku árið 2012 voru 43,9 vinnustundir en samsvarandi fjöldi vinnustunda kvenna voru 35,2 vinnustundir.

Hægt er að telja til fleiri störf þar sem mikill munur er á konum og körlum og sýna þannig ennþá frekar fram á að íslenskur vinnumarkaður er, þrátt fyrir miklar breytingar síðustu ár og áratugi, mjög kynskiptur. Þessi kynskipting vinnumarkaðar stendur í nánnum tengslum við það nám sem karlar og konur velja í skólagöngu sinni. Samkvæmt rannsóknum velja karlar frekar en konur bæði nám og störf sem einkennast af vinnumenningu sem veitir viðurkenningu fyrir að ná efnislegum árangri og styrkir staðalmyndir um að þeir eigi að vera ákveðnir og harðir af sér. Konur aftur á móti velja fremur en karlar nám og störf sem veita viðurkenningu fyrir umhyggjusemi og hlédrægni.<sup>57</sup>

Á vinnumarkaði, eins og í námi, sést að konur hafa í auknu mæli verið að sækja inná svið sem áður töldust til hefðbundnari karlagreina. Þetta hefur leitt til þess að starfsgreinar sem áður voru að miklum meirihluta skipaðar körlum hafa náð auknu jafnvægi. Dæmi um slíkar starfsgreinar eru t.d. störf við fjölmiðla og störf presta. Árið 1973 voru konur 19% þeirra sem störfuðu í blaðamannastétt en árið 2005 voru þær 34%. Árið 1975 var aðeins ein kona vígð prestur en árið 2007 voru konur um þriðjungur prestastéttarinnar.

Sambærileg þróun hefur ekki átt sér stað meðal karla. Karlar hafa ekki sótt í sama mæli inná svið sem telja má til kvennagreina. Talið er að ástæðurnar fyrir því megi að einhverju leyti rekja til kynbundins launamunar. Laun eru yfirleitt lægri í hefðbundnum kvennastörfum. Önnur ástæða sem kemur sérstaklega til álita í tengslum við umræðu um karla í hefðbundnum kvennastörfum eru fordómar. Sérstaklega fordómar fyrir körlum sem sinna umönnunarstörfum.

Þórður Kristinsson (2005) vann skýrslu fyrir jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og leitaði svara við því hvers vegna karlar sækjast ekki eftir námi í hjúkrunarfræði. Viðmælendur svöruðu því hvaða hindranir stóðu helst í vegi fyrir því og allir töldu sig þekkja fordóma gagnvart starfinu. Ekki voru allir á sama máli um áhrifin sem fordómar höfðu á námsframvindu þeirra eða líðan í námi. Sumir lýsa fordómunum sem saklausu gríni sem lýsti sér í því hvernig fólk tengir starfið við kvenlega eiginleika eða jafnvel samkynhneigð. Sérlega áhugavert er að viðmælendur sem höfðu hætt í hjúkrunarfræðináminu gáfu allir ástæður sem vísuðu til fordóma í samfélaginu.<sup>58</sup>

Síðastliðin ár hefur umræða um eftirspurn eftir hjúkrunarfræðingum verið áberandi.<sup>59</sup> Óverulegar breytingar hafa verið á heildarmönnun í hjúkrun samtímis og hjúkrunarþörf hefur aukist umtalsvert.<sup>60</sup> Í því ljósi verður ekki horft framhjá því að nýliðun í stéttinni tengist fjölda útskrifaðra hjúkrunarfræðinga og fjöldi þeirra er aftur háður aðsókn í

<sup>57</sup> Hofstede, G. (1998). *Masculinity and femininity: The taboo dimension of national cultures*. Thousand Oaks, CA: Sage.

<sup>58</sup> Þórður Kristinsson (2005). *Upplifun karla í hjúkrunarnámi. Hvað stendur í vegi fyrir auknum hlut karla í hjúkrun?* Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Reykjavík, [www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1007373/Karlar+%C3%AD+hj%C3%BAkrun+Sk%C3%BDrsla.pdf](http://www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1007373/Karlar+%C3%AD+hj%C3%BAkrun+Sk%C3%BDrsla.pdf)

<sup>59</sup> [www.landspitali.is/lsh\\_0494/\\$file/monnun\\_i\\_hjukrun\\_LSH\\_2007.pdf](http://www.landspitali.is/lsh_0494/$file/monnun_i_hjukrun_LSH_2007.pdf)

<sup>60</sup> [www.landspitali.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=19778](http://www.landspitali.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=19778)

hjúkrunarfræðinám, ásamt árangri og afkastagetu menntastofnanna sem sinna menntun á sviðinu. Norsk stjórnvöld hafa tekið eftir því að samtímis og þau glíma við sama vanda þá skýtur skökku við að nemar í greininni eru í miklum meirihluta konur. Ef karlar horfa ekki til hjúkrunar sem mögulegs starfsvettvangs missir greinin af tækifærum til nýliðunar. Af þeim sökum miða fyrirætlanir um að auka hlut karla í stétt hjúkrunarfræðinga ekki einvörðungu að jafnréttismarkmiðum, heldur hagnýtum leiðum til að bregðast við raunverulegri hjúkrunarþörf.<sup>61</sup>

Tengslin milli fordóma í samfélaginu og viðhorfa til karla sem starfa sem leiksólakennarar eru sérstaklega til skoðunar í viðtalsrannsókn Önnu Elísu Hreiðarsdóttur (2006) á körlum sem starfa sem leikskólakennarar. Anna spyr hvort þröskuldar séu til staðar í námi og starfi leikskólakennara sem karlar hnjóti fremur um en konur. Eins spyr hún hvort viðhorf og gildi samfélagsins hafi áhrif á vilja þeirra til að starfa sem leikskólakennarar. Niðurstöður benda til að kjaramál skipti miklu en vinnuumhverfið með tilheyrandi kvenlægum gildum hafi líka áhrif á viðhorf karla. Þá sýna niðurstöður viðtala við viðmælendur í rannsókninni að karlar finna fyrir því að starf þeirra sé lítils metið. Þeir fá tvíþent skilaboð, annars vegar um að það sé gott að hafa karlfyrirmyndir í skólunum en hins vegar er gefið í skyn að þeir ættu vera í starfi sem hentaði kyni þeirra betur og að starf karla með börnum vekir grunsemdir um misnotkun.<sup>62</sup>

---

<sup>61</sup> Menn, mannsroller og likestilling. Barne- og likestillingsdepartementet. St.meld.nr. 8 (2008-2009).

<sup>62</sup> Anna Elísa Hreiðarsdóttir (2006). *Fólk heldur að við séum fleiri: Viðtalsrannsókn við íslenska karlleikskólakennara*. Óbirt M.Ed-ritgerð: Háskólinn á akureyri, Kennaradeild – framhaldsbraut.

### 5.3. Tillögur: Karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður

Í umræðu um val karla á námsleiðum var fjallað um tengslin milli hugmynda í samfélaginu og þeirra skilaboða sem nemendur fá um það hvað teljist karlastörf og hvað kvennastörf. Þættir sem hafa áhrif á möguleika kynjanna til að velja nám á eigin forsendum skipta máli fyrir möguleika einstaklinga til þess að þroskast og njóta eigin atorku.

Hugmyndir um að störf flokkist í karlastörf og kvennastörf viðhalda láréttri kynskiptingu á íslenskum vinnumarkaði. Þróunin hefur verið sú að konur sækja inná svið sem áður töldust karlastörf. Karlar hafa ekki í sama mæli sótt inná hefðbundin starfsvið kvenna. Hluttur karla í störfum við umönnun er lítill. Skilaboð sem strákar og karlar fá eru á þá leið að störfin þyki ekki viðeigandi fyrir þeirra kyn og við bætist að karlar sem sækja nám og störf við umönnun verða varir við fordóma.

Á grundvelli umræðu um menntun og kynskiptan vinnumarkað þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á námsval og láréttan kynskiptan vinnumarkað leggur starfshópur um karla og jafnrétti fram eftirfarandi tillögur um aðgerðir, rannsóknir og áherslur.

**Tillaga 14:** Gera þarf rannsókn á áhrifum staðalmynda á náms- og starfsval karla. Sérstaklega þarf að kanna tengslin milli námsvals, brottfalls úr framhaldsskólum og háskólanáms karla.

**Tillaga 15:** Gera þarf átak til að auka hlut karla í umönnunarstörfum og kanna leiðir til að vinna gegn fordómum gagnvart körlum sem vinna störf á sviðum umönnunar.

